

**SKOÐUN** Unnur Brá Konráðsdóttir skrifar um gjaldeyrishöft og frelsi. 24



**MENNING** Shakespeare's Globe Theatre sýnir Hamlet í Hörpu eitt kvöld. 36



**LÍFIÐ** Pátttaka í handritasamkeppni Doris Film og Wift fór fram úr björtustu vonum. 54



**SPORT** Illskiljanleg ákvörðun IHF um að hleypa Þýskalandi á HM vekur undrun. 48






# FRÉTTABLAÐIÐ


Fimmtudagur
10. júlí 2014
160. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Dræm laxveiði

Laxveiði í net í Þjórsá hefur dregist saman um þriðjung milli ára. 2

**Segjast sviptir valdi** Sveitarstjórnarmenn eru ósáttir við hugmyndir iðnaðarráðherra að nýjum raforkulögum. 8

**Innlend framleiðsla ónóg** Fjölmörg dæmi eru um að flytja þurfi inn landbúnaðarafurðir þegar innlend framleiðsla þrýtur. 12

**Aðstoða pör** Íslenskar konur hafa hannað smáforrit sem hjálpar pörum að ganga í gegnum glasameðferð. 18




22

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | | SSV | 3 |
| Akureyri | 13° | | SSV | 3 |
| Egilsstaðir | 17° | | S | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | | SA | 2 |
| Reykjavík | 13° | | SA | 6 |

**Bjartast A-til** Í dag hvessir af suðaustri og fer að rigna um og eftir hádegi S- og V-til. Yfirleitt hægur vindur og bjart með köflum norðaustanlands. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Lögreglan vaktar fórnarlamb ofbeldis

Fjöldi heimilisofbeldismála sem koma til kasta lögreglunnar á Suðurnesjum hefur þrefaldast á þremur árum. Brugðist er við með því að nota neyðarhnapp fyrir fólk í áhættuhópi. Fyrsti notandinn fékk hnapp fyrir fáeinum dögum.

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum tók fyrir nokkrum dögum í notkun neyðarhnapp fyrir fólk sem er í hættu á að verða fórnarlamb ofbeldis. Hnappurinn hefur verið notaður erlendis í heimilisofbeldismálum þegar hætta er á að brotamaður brjóti nálgunarbann. Aðeins einn notandi er með slíkan hnapp enn sem komið er hér á landi.

Samið hefur verið við fyrirtæki í öryggisþjónustu sem leigir lögreglunni hnappinn. Notandinn verður þó vaktaður fari hann út fyrir umdæmið. Gögnin um mál hans fara inn í Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra og eru því aðgengileg í öðrum umdæmum. Það kemur svo til kasta viðkomandi lögregluumdæmis ef notandinn sér sig knúinn til að nota neyðarhnappinn fjarri heimkynnum sínum.

„Þetta er náttúrlega bara á fyrstu metrunum en við teljum að þetta sé leiðin sem samfélagið eigi að fara í þessum málum," segir Skúli Jónsson aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Fjöldi heimilisofbeldismála sem koma til kasta lögreglunnar á Suðurnesjum hefur þrefaldast á þremur árum.

-jse/ sjá síðu 6

**... við teljum að þetta sé leiðin sem samfélagið eigi að fara í þessum málum.**

*Skúli Jónsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á Suðurnesjum*

Heimilisofbeldismál sem komu til kasta lögreglunnar á Suðurnesjum.

| | |
|---|---|
| 2013 | 56 |
| 2010 | 18 |




**LÖNG RÖÐ** Miðar á leik KR og Celtic, sem fer fram í næstu viku, fóru í sölu á hádegi í gær. Löng röð myndaðist á fyrsta klukkutímanum en 1.550 miðar voru í boði. Jónas Kristinsson, framkvæmdastjóri KR, segir aðeins 200 miða eftir og fara þeir í sölu í hádeginu í dag. „Þetta er eins og við viljum hafa það," segir Jónas um stemninguna vegna leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**TÓNLEIKAFERÐ FRAM UNDAN** Maggi Legó fyllir skarðið. MYND// ARI MAGG

Gus Gus í tónleikaferðalag:

## Forsetinn fer ekki með

**TÓNLIST** Hljómsveitin Gus Gus er þessa dagana að undirbúa tónleikaferðalag með haustinu til að fylgja eftir hinni nýútkomnu plötu Mexíkó. Einn af forsprökkum sveitarinnar, Stephan Stephensen, einnig þekktur sem President Bongo, fer ekki með í ferðalagið.

„Hann ætlar að taka sér frí að minnsta kosti fram að jólum," segir Þorsteinn Stephensen, umboðsmaður Gus Gus og bróðir Stephans.

Tónlistarmaðurinn Magnús Guðmundsson, Maggi Legó, fyllir upp í skarðið á tónleikaferðalaginu.

- bþ / sjá síðu 54



**HETJAN** Sergio Romero varði tvisvar í vítaspyrnukeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

HM í Brasilíu:

## Argentína í úrslitaleikinn

**FÓTBOLTI** Argentína mætir Þýskalandi í úrslitaleik HM í Brasilíu á sunnudagskvöld. Það varð ljóst eftir sigur Argentínumanna á Hollendingum í undanúrslitum í gær. Vítaspyrnukeppni þurfti til að knýja fram úrslit eftir 120 markalausar mínútur en Sergio Romero, markvörður Argentínu, varði tvívegis í henni og var hetja sinna manna.

- esá / sjá síðu 48






Byggingakranar spretta nú upp eins og gorkúlur um allt höfuðborgarsvæðið:

# Innflutningur á krönum hafinn

**EFNAHAGSMÁL** Byggingakrönum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um rúmlega helming frá árinu 2010 samkvæmt talningu sem Fréttablaðið gerði.

Þröstur Lýðsson, framkvæmdastjóri hjá Merkúr sem flytur inn og selur byggingakrana, segir að innflutningur á krönum hafi aukist mikið á síðustu misserum. „Það er þannig með þessa sjálfreisandi krana að þeir halda sér svakalega í verðgildi. Hingað kom nýr krani árið 2005 sem var svo seldur aftur úr landi árið 2009 og kom aftur inn árið 2014 á næstum sömu krónutölu í öll skiptin."

Seðlabankinn hefur reiknað út að fylgni sé á milli fjölda byggingakrana á landinu og aukinnar fjárfestingar á íbúðamarkaði.

Fjölgun byggingakrana hefur þótt benda til þess að efnahagurinn sé að rétta úr sér. Þröstur vill þó meina að fara eigi sér hægt svo hér verði ekki ofþensla og bólumyndun.

- ssb / sjá síðu 16

**144** kranar voru á höfuðborgarsvæðinu þegar Fréttablaðið taldi þá á dögunum.









## SPURNING DAGSINS



Jóhannes Haukur, runnu á þig tvær grímur?

**Nei, ég kom alveg af fjöllum.**

Jóhannes Haukur Hauksson, einn af fjórum eigendum Grímsstaða á Fjöllum, hyggst skoða tilboð í jörðina frá kaupendum á EES-svæðinu eftir að Nubo fékk ekki undanþágu.

Breytingar á lögum um fjárfestingar og afnotarétt útlendinga á fasteignum komnar úr nefnd:

# Innanríkisráðuneytið skoðar tillögurnar

**STJÓRNMÁL** Nefnd um endurskoðun á lögum um fjárfestingar og afnotarétt útlendinga á fjárfestingum á Íslandi hefur skilað tillögum til innanríkisráðuneytisins.

„Nefndin er búin að skila hugmyndum að breytingum sem er verið að fara yfir hér og því er ekki lokið,“ segir Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi innanríkisráðuneytisins.

Ríkisstjórnin samþykkti endurskoðun laganna í byrjun september í fyrra að tillögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra. „Markmið endurskoðunar yrði meðal annars að tryggja að skýr lög og reglur gildi á þessu sviði. Mikilvægt er að treysta lagalegan grunn erlendra fjárfestinga og tryggja að ákvarðanir tengdar þeim byggist á skýrum almennum reglum en ekki á undanþáguákvæðum eða ívilnunum,“ sagði um starf nefndarinnar á vef ráðuneytisins.

Tillögur nefndarinnar hafa ekki verið gerðar opinberar. „Menn vilja ekki láta tillögurnar uppi alveg í bili,“ segir Jóhannes sem kveður næsta feril málsins sér ekki alveg ljósan en að það skýrist væntanlega fyrir helgi. -gar



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Ríkisstjórnin samþykkti fyrir tíu mánuðum tillögu innanríkisráðherra um að endurskoða lög um fjárfestingar útlendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞRJÚ SKIP** Nóg var um að vera á Skarfabakka á mánudaginn þegar þrjú skip lögðu að bryggju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um sjö þúsund farþegar til Reykjavíkur á einum degi:

# Ansi þétt skipað á Skarfabakka

**REYKJAVÍK Þrjú skemmtiferðaskip komu að höfn á Skarfabakka í fyrradag. Öll skipin eru mjög stór og voru farþegarnir samtals sjö þúsund sem stigu í land á Skarfabakka.**

**Valentínus Ólafsson, hafnsögumaður hjá Faxaflóahöfnum, segir að þessi fjöldi farþega sé með því meira sem hefur komið í höfn með skemmtiferðaskipum á einum degi.**

**Alls eru skipulagðar 89 heimsóknir skemmtiferðaskipa til landsins yfir helsta ferðamannatímann og rúmlega hundrað þúsund ferðamönnum til landsins með skemmtiferðaskipum, sem er svipaður fjöldi og á síðasta ári.** - ebg

Ný rannsókn á hamingju:

# Aftur orðin hamingjusöm

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingar eru næsthamingjusamasta Evrópuþjóðin samkvæmt nýrri rannsókn European Social Survay. Hamingja Íslendinga nálgast það stig sem hún var fyrir bankahrun.

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá landlæknisembættinu, segir að eftir hrun hafi dregið úr hamingju margra Íslendinga vegna þess að þeir höfðu áhyggjur af því að ná ekki endum saman.

Hamingja barna og unglinga hafi þó aukist, meðal annars vegna fleiri samverustunda með foreldrum. -ih

Meirihluti erinda frá konum:

# Fleiri leigjendur báðu um hjálp

**SAMFÉLAGSMÁL** Tæplega eitt þúsund erindi bárust Leigjendaaðstoðinni fyrstu sex mánuði ársins en það er 35 prósenta aukning frá síðasta ári.

Ekki aðeins leigjendur nýta sér þjónustuna en þó í miklum meirihluta, eða 957 tilvikum. Aðrir hafa einnig samband, á borð við fjölmiðla, fyrirtæki og opinbera aðila.

Fleiri konur en karlar höfðu samband eða í 589 tilvikum. Mest er spurt um ástand og viðhald eignar en álitaefnin eru þó af öllu tagi. - nej

# Laxveiði netabænda í Þjórsá mjög dræm

Einar H. Haraldsson, bóndi á Urriðafossi, segir netaveiði á laxi aðeins þriðjung þess sem hún var á sama tíma í fyrra. Á móti komi þó að meðalþyngdin er mun meiri nú. Hann kveðst engar skýringar hafa á þessari miklu sveiflu frekar en aðrir.

**LANDBÚNAÐUR** „Þetta er með allra lélegasta móti,“ segir Einar H. Haraldsson, bóndi á Urriðafossi, um netaveiðina á laxi í Þjórsá það sem af er sumri.

Að sögn Einars er fjöldi veiddra laxa nú aðeins um þriðjungur þess sem hann var á sama tíma í fyrra. „Á móti kemur reyndar að þetta er talsvert af vænum fiski,“ segir hann.

Í fyrra var meðalvigt Þjórsárlaxanna á Urriðafossi tæplega fimm pund. Nú segir Einar að meðalþyngdin sé nær sjö eða jafnvel átta pundum. „Ég er að fá þó nokkuð af boltafiski upp í fimmtán, sextán pund,“ segir hann.

Lax sem kominn er yfir tíu pund hefur yfirleitt verið tvö ár í sjó. Fiskur sem verið hefur eitt ár í sjó, smálaxinn, skilar sér oft síðar. Margfalt minna hefur verið af honum nú en í fyrra. „En það er lax að koma á hverjum degi,“ segir Einar sem útlokar ekki að eitthvað rætist úr sumarveiðinni áður en upp er staðið.

Einar reyndi fyrir sér í fyrra með útflutning á ferskum Þjórsárlaxi með flugi til Englands. Hann segir það ekki hafa gengið nógu vel.

„Það er ekki nægjanlega hátt verð ytra miðað við fyrirhöfnina og kostnaðinn. Og einmitt þegar það er svo mikil eftirspurn hér innanlands eins og er í dag er fráleitt að það borgi sig,“ segir Einar sem aðspurður kveðst engar skýringar hafa á þessari niðursveiflu.

„Það eru bara sveiflur upp og niður eins og í öðru. Það hefur enginn skýringar á misjöfnu árferði í laxinum. Ef ég hefði þær væri ég ríkur því þá væri ég búinn að selja þær skýringar út um allan heim.“

En það eru ekki bara dræmar laxagöngur sem eru að stríða bændum við Þjórsá. Einar segir heyskapartíðina á Suðvesturlandi hafa verið gríðarlega erfiða, menn hafi náð litlum heyjum enn sem komið er og tún séu við það að verða úr sér sprottin. „Það er eiginlega það sem maður er sárastur yfir. Það eru bara sífelldar rigningar.“ gar@frettabladid.is



**EINAR H. HARALDSSON** Bjart var yfir laxveiðinni hjá bóndanum á Urriðafossi þegar Fréttablaðið heimsótti hann um miðjan júlí í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ég er að fá þó nokkuð af boltafiski upp í fimmtán, sextán pund.**
> *Einar H. Haraldsson, bóndi á Urriðafossi*






Fjölskylda piltsins sem lést í rússíbanaslysi sendi frá sér yfirlýsingu:

# Biður fjölmiðla um að gæta sín

**BANASLYS** Fjölskylda Andra Freys Sveinssonar, sem lést í rússíbanaslysi í skemmtigarðinum Terra Mítica, hefur sent frá sér yfirlýsingu.

Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að Andri Freyr hafi setið aftast í rússíbananum Inferno með vini sínum og yngri systur. Í lok ferðar, í fimmtán metra hæð, gáfu sig öll öryggistæki fyrir sætið og féll hann úr tækinu. Í tækinu var norskur læknir sem veitti fyrstu hjálp ásamt starfsfólki garðsins. Beðið var eftir sjúkrabíl í 20-25 mínútur og lést Andri Freyr í bílnum á meðan hann var enn inni á svæðinu.

Fjölskyldan biður fjölmiðla um að gæta þess hvernig fréttir eru settar fram þar sem það hjálpi ekki systkinum og aðstandendum að lesa rangar fréttir af málinu.



**RÚSSÍBANI** Andri Freyr Sveinsson féll úr rússíbananum Inferno í skemmtigarðinum Terra Mítica. MYND/HRÖNN

Að lokum vill fjölskyldan koma þakklæti til allra sem hafa sýnt samhug og þeirra sem hafa greitt götu þeirra, sér í lagi starfsfólks WOW air og fulltrúa hjá félagi húseigenda á Spáni. -ebg




Nú bjóðum við nokkra Volkswagen Tiguan Sport & Style drekkhlaðna af sportbúnaði, á freistandi tilboði sem erfitt er að standast. Komdu og reynsluaktu þessum frábæra bíl. Það kæmi okkur ekki á óvart ef þú vildir taka hann með þér heim eftir rúntinn.

| | |
|---|---|
| **Tiguan Sport & Style 4Motion 2.0 TDI** | **6.490.000 kr.** |

**Sportpakki**
- Panoramic sólþak
- Webasto bílahitari með fjarstýringu
- Bílastæðaaðstoð (Park assist)
- R-Line ytra útlit og 18" felgur
- Svæðaskipt miðstöð (Climatronic)

| | |
|---|---|
| **Tiguan með sportpakka** | **7.465.000 kr.** |
| **Tilboðsverð** | **6.750.000 kr.** |

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## SVONA ERUM VIÐ



**980** fóstureyðingar voru framkvæmdar á Íslandi árið 2012.

Þar af voru 735 fóstureyðingar framkvæmdar fyrir níundu viku.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, telur að kaup ríkisins á flugmiðum hjá Icelandair feli ekki í sér ríkisaðstoð:

# Telur að ríkið kaupi farmiða fyrir milljarð

**SAMGÖNGUR** Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) telur að kaup íslenskra stjórnvalda á flugmiðum á grundvelli rammasamninga við Icelandair feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins. ESA hefur haft málið til athugunar í kjölfar kvörtunar sem barst stofnuninni árið 2012 frá Iceland Express sem varð síðar hluti af WOW air.

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi Wow air, segir að málið hafi lítið með Wow air að gera.

„Hins vegar er allt í lagi að benda á að íslenska ríkið hefur ekki boðið út þessi innkaup. Þau fara því fram utan samninga þrátt fyrir að kærunefnd útboðsmála hafi staðfest að útboðsskylda sé til staðar,“ segir hún.

Gera megi ráð fyrir að það sé nærri milljarður sem fari í farmiðakaup ríkisins og þau séu nær öll við Icelandair.

„Ef þessum viðskiptum væri beint til WOW air myndi það spara ríkinu hundruð milljóna,“ segir Svanhvít.

ESA segir að stofnanir og fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins hafi keypt á grundvelli rammasamninganna flugmiða af Icelandair þegar þess var þörf. Ekki verði annað séð en að rammasamningar íslenska ríkisins við Icelandair hafi verið eðlilegir viðskiptagerningar á markaðsforsendum sem fólu ekki í sér ívilnun til handa Icelandair. Það af leiðandi hafi umræddir samningar ekki falið í sér ríkisaðstoð. **- jme**




**EKKI STYRKUR** Eftirlitsstofnun EFTA telur að ríkinu sé heimilt að kaupa flugmiða af Icelandair. Kaupin flokkist ekki sem styrkur.



**SELJAKIRKJA** Prestkosningar fara fram í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ AUÐUNN

Þrír sóttu um stöðu prests:

## Sóknarprestur kosinn í ágúst

**TRÚMÁL** Sóknarprestur í Seljakirkju verður kosinn þann 16. ágúst næstkomandi. Þrír umsækjendur sóttu um stöðuna. Það eru þeir Ólafur Jóhann Borgþórsson, núverandi prestur í kirkjunni, Fritz Már Berndsen Jörgensson guðfræðingur og séra Hans Markús Hafsteinsson Isaksen. Hjördís Stefánsdóttir, formaður kjörstjórnar, segir að kosningarnar verði auglýstar næstu daga. Kosningarnar munu fara fram í safnaðarheimili kirkjunnar. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla mun hefjast 5. ágúst. Kosningarnar eru haldnar að frumkvæði sóknarbarna í Seljasókn en tæplega helmingur þeirra krafðist kosninganna. **-jhh**

Óánægja með baðherbergið:

## Misþyrmdi iðnaðarmanni

**SVÍÞJÓÐ** Húseigandi í Botkyrka sunnan við Stokkhólm í Svíþjóð var óánægður með endurbætur á baðherberginu í húsi sínu. Hann rændi þess vegna og misþyrmdi iðnaðarmanninum og fékk aðstoð annars manns til þess.

Húseigandinn og aðstoðarmaðurinn hafa nú verið dæmdir í fimm ára fangelsi fyrir gróft ofbeldi og mannrán. Báðir neita sakargiftum. Framburður iðnaðarmannsins þótti hins vegar trúverðugur auk þess sem blóð fannst á vettvangi í húsi árásarmannsins. **- ibs**

# Athugasemdir ÖSE enn til skoðunar

Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofa ÖSE hefur í tvígang gert athugasemdir við framkvæmd kosninga hér á landi. Alvarlegasta athugasemdin varðar jöfnun atkvæðisréttar. Innanríkisráðherra segir að stjórnarskrárnefnd eigi að skoða málið.

**STJÓRNMÁL** „Við höfum sjálfsagt flest talið að þar sem við búum í rótgrónu lýðræðisríki þá væri kosningalöggjöfin í góðu lagi. Ábendingar ÖSE gefa hins vegar til kynna að það þurfi að laga ýmislegt,“ segir Guðmundur Steingrímsson sem á sæti í Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Guðmundur segir mikilvægt að hlusta á þessar ábendingar.

Fulltrúar frá Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE komu hingað til lands til að fylgjast með alþingiskosningunum 2009 og gerðu athugasemdir við framkvæmd kosninganna. Fulltrúar ÖSE komu aftur í fyrra og ítrekuðu fyrri athugasemdir.

Stjórnvöld hafa ekki enn gert nauðsynlegar stjórnarskrár- eða lagabreytingar til að koma til móts við athugsemdirnar.

Í svari Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar, VG, um hvað stjórnvöld hafi aðhafst kemur fram að tvær nefndir hafi verið skipaðar. Annars vegar stjórnarskrárnefnd þar sem sæti eiga fulltrúar allra flokka. Ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar fjalla um framkvæmd kosninga og til að koma til móts við athugasemdir ÖSE þarf að breyta stjórnarskránni.

Þá hefur forseti Alþingis skipað nefnd fulltrúa innanríkisráðuneytisins, landskjörstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og á hún að endurskoða ýmis ákvæði laga sem snúa að framkvæmd kosninga.

Ein helsta athugasemd ÖSE varðar jöfnun atkvæðisréttar en til að jafna hann þarf að breyta stjórnarskrá. Innanríkisráðherra segir að gert sé ráð fyrir að stjórnarskrárnefnd taki þetta atriði til skoðunar.

„Miðað við hvernig fór fyrir stjórnarskrármálinu á síðasta kjörtímabili þá er maður ekki sérlega bjartsýnn á að þessu verði breytt. Það náðist þó að gera þær breytingar að það er hægt að breyta stjórnarskránni á kjörtímabilinu með þjóðaratkvæði,“ segir Guðmundur. Aðrar athugasemdir ÖSE varða meðal annars eftirlit með kosningum, endurskoðun á rétti framboða til aðgengis að RÚV, utankjörfundaratkvæðagreiðslur og ýmislegt fleira. „Sem lýðræðisríki eigum við að fara í það af krafti að laga það sem þarf að laga,“ segir Guðmundur.

johanna@frettabladid.is



**FYLGST MEÐ** Fulltrúar ÖSE fylgjast með á kjörstað í Ráðhúsi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Úttekt á kosningakerfi

Á vegum ÖSE, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, er starfrækt sérstök stofnun sem fylgist með kosningum og gerir úttekt á framkvæmd þeirra og lagaumhverfi. Á sjötta tug ríkja í Evrópu og Norður-Ameríku eiga aðild að ÖSE. Fyrst eftir að ÖSE var stofnað 1975 var kosningaeftirliti einkum beint að kosningum í löndum þar sem grunur eða vissa um kosningasvindl var til staðar. Undanfarin ár hefur ÖSE fylgst með kosningum í ríkjum þar sem ekki leikur grunur á kosningasvindli. Í þeim löndum er lögð áhersla á að gera úttekt á kosningakerfinu í heild og kortleggja þau. Settar eru fram athugsemdir um atriði sem betur mega fara á grundvelli reglna um góða kosningaframkvæmd sem Feneyjanefndin setti fram 2002 og annarra alþjóðlegra samþykkta.



**HJÁ MAREL** Árni Oddur Þórðarson, forstjóri fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hefur gripið til ráðstafana:

## Marel greiðir 3,3 milljóna sekt

**VIÐSKIPTI** Marel þarf að greiða 3,3 milljónir króna í sekt til Fjármálaeftirlitsins (FME) vegna brota á lögum um verðbréfaviðskipti.

Ástæðan er sú að Marel tilkynnti ekki tafarlaust um forstjóraskipti þegar ljóst varð að Theo Hoen hætti sem forstjóri Marels og Árni Oddur Þórðarson tæki við.

Í frétt á vef FME segir að fyrirtækið hafi gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný. **-jhh**



**TIL VÍB** Elín tekur við starfinu af Stefáni Sigurðssyni sem nýlega var ráðinn forstjóri Vodafone. MYND/VÍB

Nýr framkvæmdastjóri:

## Elín ráðin til að stýra VÍB

**VIÐSKIPTI** Elín Jónsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka. Hún tekur einnig sæti í framkvæmdastjórn bankans. **- hg**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Friedrichshafen | 14° | New York | 27° |
| Aþena | 34° | Gautaborg | 26° | Orlando | 32° |
| Basel | 23° | Kaupmannahöfn | 26° | Ósló | 27° |
| Berlín | 23° | Las Palmas | 25° | París | 21° |
| Billund | 26° | London | 19° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 20° | Mallorca | 28° | Stokkhólmur | 24° |




**Á MORGUN** 5-13 m/s en lægir og léttir til er líður á daginn.




**LAUGARDAGUR** 3- 8 m/s, hvassast á annesjum NV-til.

**HITI BREYTIST LÍTIÐ** Í dag kemur lægð upp að suðvesturströndinni, þá hvessir af suðvestri og lægðinni fylgir vaxandi úrkoma. Horfur eru á töluverðri rigningu S- og V-til sídegis um tíma. Á morgun lægir heldur og léttir til síðdegis eða annað kvöld.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# TÍU FERSKAR HUGMYNDIR

Startup Reykjavík
Arion banki
Klak Innovit

Tíu sprotafyrirtæki voru valin úr hópi 240 umsækjenda og hafa hafið þátttöku í **Startup Reykjavík verkefninu**. Arion banki leggur fyrirtækjunum til aðstöðu, fjárfestir í þeim og veitir þeim, ásamt samstarfsaðilum, ráðgjöf til að auðvelda þeim að vaxa og dafna.

Startup Reykjavík er samstarfsverkefni **Arion banka og Klak-Innovit**.
Fylgstu með á www.startupreykjavik.com og á Facebook.com/StartupReykjavik.

Arion banki

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver urðu úrslitin í leik Þýskalands og Brasilíu á HM í fótbolta?
**2.** Hvaða íslenska bók hlaut bresku UKLA-verðlaunin?
**3.** Hvað heitir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands?

**SVÖR:**
**1.** 7–1 fyrir Þýskaland. **2.** Sagan af bláa hnettinum. **3.** Kristín Huld Sigurðardóttir.

Vilja koma á þekkingarsetri um íslensku jöklana, snjó og ís í stórri íshöll og sýningarskála í Hafnarfirði:

# Hafnarfjarðarbær vill íshöll Vox Naturae

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Hafnarfjarðarbær hafði samband við okkur að fyrra bragði til að leita eftir hugmyndum að sýningu tengdri jöklum sem þróaðist út í samstarf um þekkingarsetur um jöklana, snjó og ís,“ segir Páll Ásgeir Davíðsson, framkvæmdastjóri alþjóðlegu félagasamtakanna Vox Naturae.

Samtökin hafa óskað eftir lóð í Hafnarfirði undir íshöll og sýningarskála. Þar vill Vox Naturae nota nýjustu tækni til að fræða ferðamenn og aðra um jöklana, snjó og ís.

„Gestir hallarinnar eiga þar eftir að koma inn í 360 gráðu upplifun. Við erum að að vinna þetta með erlendum listamönnum sem hafa sérhæft sig í þessari tækni,“ segir Páll.

Bæjaryfirvöld hafa falið skipulags- og byggingarsviði bæjarins að ræða við samtökin um staðsetningu íshallarinnar. Einnig liggur fyrir viljayfirlýsing á milli Vox Naturae og bæjarins um þróun og uppbyggingu verkefnisins. Í yfirlýsingunni segir að íshöllin eigi að auka komu ferðamanna til bæjarins.

„Og styrkja stöðu Íslands sem mögulegs ráðstefnuvettvangs um málefni tengd snjó og ís,“ segir Páll.

„Þegar staðsetningin verður komin þá förum við í að leita að fjármagni í verkefnið og við munum meðal annars leita til erlendra styrktaraðila.“ **- hg**



**SNÆFELLSJÖKULL** Samtökin vilja auka vitund um afleiðingar þess að ís og snjóhula fer ört hopandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


15- 50%
afsláttur af
ÖLLUM umgjörðum





Ray-Ban TOMMY HILFIGER CARRERA PRADA REYKJAVIK EYES
prooptik
gleraugu
Kringlunni - Skeifunni - Spönginni


# Mál tengd ofbeldi á heimilum þrefaldast

Lögreglan á Suðurnesjum sker upp herör gegn heimilisofbeldi. Fjöldi slíkra mála hefur þrefaldast á þremur árum. Neyðarhnappur sem nú er notaður til að vernda þolanda í áhættu var tekinn í notkun að frumkvæði lögreglunnar á Suðurnesjum.

**LÖGREGLUMÁL** Heimilisofbeldismálum sem koma til kasta lögreglunnar á Suðurnesjum hefur fjölgað úr átján í fimmtíu og sex síðastliðin þrjú ár. Fjöldinn hefur því þrefaldast á þessum tíma. Skúli Jónsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á Suðurnesjum, segir að þar hafi menn mætt þróuninni með fullum þunga.

Lögreglan þar hóf til dæmis tilraunaverkefni í byrjun árs 2012 sem kallað var „Að halda gluggunum opnum“. Markmiðið var að gera verklagsreglur, alla afgreiðslu, eftirfylgni og forvarnir skilvirkari. „Þetta eru nú bara orðnar verklagsreglur hjá okkur í dag svo að þegar lögreglan er kölluð til þá opnast allir gluggar kerfisins þannig að félagsþjónusta, barnavernd og fleiri koma beint að málinu og svo höfum við eftirfylgni og vitjum fórnarlamba til að fyrirbyggja frekari vanda.“ Hann segir því að hluta af aukningunni megi skrifa á reikning skilvirkari verklagsreglna og eins vitundarvakningar í samfélaginu.

Fyrir nokkrum dögum var tekinn í notkun neyðarhnappur sem ætlaður er fólki sem býr við viðkvæmar aðstæður, eins og Skúli orðar það. Það getur verið í tilfellum þar sem þolandi heimilisofbeldis býr við þá hættu að brotamaðurinn brjóti nálgunarbann og ógni öryggi þolanda. Verkefnið er gert í samvinnu við fyrirtæki í öryggisþjónustu sem leigir hnappinn. Aðeins einn notandi er með hnappinn enn sem komið er. Þolandinn er vaktaður hvar sem hann er á landinu og bregst lögregla viðkomandi umdæmis við ef notandinn neyðist til að hringja meðan hann er utan Suðurnesja. Lögregla í öllum umdæmum hefur einnig gögn um mál þolanda. Nýlundan er tilkomin að frumkvæði lögreglunnar á Suðurnesjum.

„Við vorum á ráðstefnu í fyrravetur á Spáni og þar kom það fram að sums staðar er brugðist við þessu svona svo við ákváðum að prófa.“

Aðspurður hvort hann telji líklegt að þessir hnappar verði notaðir í fleiri tilfellum segir hann: „Ég get lítið sagt um það, það veltur á þolendum. En þetta er til staðar og viðleitni okkar líka.“ Hann segir enn fremur að hnappurinn geti haft fyrirbyggjandi áhrif því brotamaður sé ólíklegri til að leggja til atlögu viti hann af þessum öryggisventli þolandans. **jse@frettabladid.is**



**HEIMILISOFBELDI** Tilfellum þar sem lögreglan á Suðurnesjum hefur þurft að láta til sín taka vegna heimilisofbeldis hefur fjölgað verulega. Hún tekur á málinu af fullum þunga og leitar ýmissa leiða. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Þegar lögreglan er kölluð til þá opnast allir gluggar kerfisins þannig að félagsþjónusta, barnavernd og fleiri koma beint að málinu.**
>
> *Skúli Jónsson aðstoðaryfirlögregluþjónn.*

**➜ Heimilisofbeldismál á Suðurnesjum**

| | |
|---|---|
| 2013 | 56 |
| 2012 | 43 |
| 2011 | 27 |
| 2010 | 18 |

Fjöldi heimilisofbeldismála sem komu til kasta lögreglunnar á Suðurnesjum.




Ný tækni við göngugreiningu

Flexor notast við nýja tækni við göngugreiningu. Göngu- og hlaupabrettið okkar býr yfir innbyggðum þrýstinemum sem skilar nákvæmum upplýsingum um göngulag.

Fáðu góð ráð, faglega göngugreiningu og lausnir við stoðkerfisvandamálum hjá Flexor.

Pantaðu tíma í síma 517 3900

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU


Fjármálaráðuneytið hefur skipað sérfræðingahóp vegna afnáms hafta:

# Þýskur sérfræðingur í haftanefnd

**EFNAHAGSMÁL** Búið er að ráða fjölmarga sérfræðinga og fyrirtæki til að aðstoða íslensk stjórnvöld við afnám fjármagnshafta.

Glenn Kim mun stýra verkefninu. Kim hefur meðal annars starfað sem ráðgjafi þýska fjármálaráðuneytisins við endurskipulagningu á evrusvæðinu.

Með Kim munu starfa Benedikt Gíslason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Eiríkur Svavarsson, hæstaréttarlögmaður og einn forsvarsmanna InDefence-hópsins, ásamt Frey Hermannssyni, forstöðumanni fjárstýringar Seðlabanka Íslands.

Lögmannsstofa Lee Buchheit, aðalsamningamanns Íslands í Icesave-deilunni, mun einnig vinna að losun haftanna.

Fleiri sérfræðingar koma að verkefninu. Til dæmis starfsmenn ráðgjafarfyrirtækisins White Oak Advisory LLP og hagfræðiprófessorinn Anne Krueger. **-ih**



**FÁ AÐSTOÐ** Fjármálaráðuneytið er búið að ráða fjölda sérfræðinga til að aðstoða við afnám hafta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 10.-14. JÚLÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

210 Garðabær

**Engimýri 13**





Nánari upplýsingar veita
**Davíð Jónsson,** sölufulltrúi
david@miklaborg.is **sími:** 697 3080

Fallegt 230 fm tveggja hæða einbýlishús
Tvöfaldur bílskúr og gott bílaplan
Gróinn og fallegur garður með sólstofu
Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **63,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** **Lágmúla 4** **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


Segist hafa gripið til neyðarréttar þegar hann eyðilagði gamalt hús:

# Vildi verja íbúa Bolungarvíkur

**BOLUNGARVÍK** Valdimar Lúðvík Gíslason, íbúi í Bolungarvík og fyrrverandi bæjarfulltrúi, hefur viðurkennt að standa á bak við skemmdarverk á 105 ára gömlu, friðuðu húsi í Bolungarvík aðfaranótt mánudags.

Ástæðuna segir Valdimar vera þá að húsið sé gríðarleg slysagildra. Hann segist hafa varað við hættunni og ekkert hafi verið hlustað á hann. Því hafi hann gripið til neyðarréttar.

„Þarna er gríðarleg hætta og það er ekki langt síðan lá við stórslysi. Þá var gamall maður að krækja þarna fram hjá vörubíl, eins og allir þurfa að gera því húsið stendur einn metra út í götu. Vörubíllinn bakkaði svo utan í hann,“ segir Valdimar en vill ekkert segja um hvers konar tæki hann hafi notað til að skemma húsið og segir það sitt leyndarmál.

„Ég er gerandinn og ábyrgur að öllu leyti. Það var ég sem eyðilagði húsið í þeim tilgangi að verja fólk hér í Bolungarvík fyrir slysum og örkumlum og jafnvel dauða. Það var minn tilgangur.“ **-skó/-ebg**



**GREIP TIL NEYÐARRÉTTAR** Valdimar Lúðvík Gíslason segir stjórnsýsluna ljúga til um friðun hússins. MYND/BB.IS

# Sveitarstjórnarmenn segjast sviptir valdi

Sveitarstjórnarmenn eru hræddir um að iðnaðarráðherra sé að takmarka skipulagsvald sveitarfélaga þegar kemur að lagningu nýrra raflína í landi þeirra. Þeir eru óánægðir með nýtt frumvarp um raforkulög.

**ORKUMÁL** Nokkurrar óánægju gætir meðal sveitarstjórnarmanna á landinu með hugmyndir iðnaðarráðherra um ný raforkulög sem takmarka skipulagsvald sveitarfélaga. Í frumvarpinu verður með ýtarlegum hætti kveðið á um hvernig standa skuli að gerð áætlunar um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Ágreiningurinn snýr aðallega að c-lið níundu greinar sem segir að sveitarfélögum beri að endurskoða aðalskipulag eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykktri kerfisáætlun og samræma skipulag vegna verkefna. Einnig ber sveitarfélögum að tryggja að skipulagsmál hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru á staðfestri þriggja ára áætlun.

Bergur Álfþórsson er formaður bæjarráðs sveitarfélagsins Voga. Sveitarfélagið Vogar hefur staðið í ströngu vegna hugmynda um lagningu háspennulína í sveitarfélaginu vegna hugsanlegrar atvinnuuppbyggingar í Helguvík. „Það er morgunljóst að sérhver sveitarstjórnarmaður getur ekki verið ánægður ef skipulagsvaldið er af honum tekið eða sett undir einhverjar stofnanir úti í bæ. Sveitarfélögin hljóta að stýra því hvernig þau skipuleggja eða framkvæma í sínu landi,“ segir Bergur.

Ný Blöndulína hefur verið á teikniborðinu lengi og hefur forstjóri Landsnets sagt sveitarfélögin hafa dregið lappirnar í skipulagsvinnu sinni.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson er formaður bæjarráðs Akureyrar. Hann tekur í sama streng og Bergur. „Við erum aðeins byrjaðir að horfa á þetta. Fljótt á litið er verið að færa valdið frá sveitarfélögunum, við getum horft á þetta þannig. Það er mjög mikilvægt að minni sveitarfélögin átti sig einnig á þessum breytingum.

Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðaráðs Skagafjarðar, telur ríkisvaldið vera komið inn á varhugaverðar brautir. „Það hefur verið vilji okkar að skipulagsvaldið sé í höndum sveitarfélaga og það hefur ekkert breyst. Mér finnst þetta við fyrstu sýn vera svolítið skrýtið og vega að skipulagsvaldinu.“ Stefán Vagn veltir vöngum um hvort þessi lagasetning geti haft fordæmisgildi gagnvart öðrum sviðum grunnkerfisins. „Megum við eiga von á því að þetta geti haft þau áhrif að aðrir þættir er varða skipulagsvald sveitarfélaganna séu einnig í hættu?“ **sveinn@frettabladid.is**





**GUÐMUNDUR BALDVIN GUÐMUNDSSON** formaður bæjarráðs Akureyrar



**BERGUR ÁLFÞÓRSSON** formaður bæjarráðs Voga



> **Það hefur verið vilji okkar að skipulagsvaldið sé í höndum sveitarfélaga og það hefur ekkert breyst.**
>
> *Stefán Vagn Stefánsson ,formaður byggðaráðs Skagafjarðar*




**Viltu bjóða í Pelé?**

Á laugardag kemur í ljós í HM stofunni á RÚV hver hlýtur árituðu Pelé treyjuna sem verið hefur á uppboði undanfarnar vikur á vegum Bláa naglans, til stuðnings rannsóknum á ristilkrabbameini. Viltu bjóða í Pelé?

**Nú er hæsta boð orðið 300.000 kr.**
Kynntu þér málið á Facebook síðu Bláa naglans; www.facebook.com/blainaglinn. Lokað fyrir tilboð kl. 15, 11. júlí. Tilboð sendist á blainaglinn@blainaglinn.is.

BLÁI NAGLINN

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á


Hjálmar Sveinsson segir glæsilegt hverfi geta risið í Skeifunni:

# Ný tækifæri til uppbyggingar

**BRUNI** Gert er ráð fyrir að um fimm hundruð íbúðir rísi í Skeifunni á næstu fimmtán árum, samkvæmt aðalskipulagi til ársins 2013.

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs í Reykjavík, segir hugsanlegt að bruninn á sunnudaginn verði til þess að flýta skipulagsvinnunni.

„Ég tel mikilvægt að þetta verði ekki eins og gert hefur verið víða í borginni, að allt er rifið sem fyrir er, heldur að það sem er byggt nýtt verði prjónað inn í það sem fyrir er,“ segir Hjálmar.

Í dag er helmingur lands í Skeifunni lagt undir bílastæði og segir Hjálmar landið henta vel fyrir blandaða byggð og atvinnuhúsnæði. Þannig gæti risið glæsilegt hverfi í Skeifunni í anda Meat District á Manhattan og Soho í Lundúnum.

„Hér er blómlegur bisness og þetta þarf að vera þannig að allir muni í einhverjum skilningi græða á þeirri uppbyggingu sem fer fram,“ segir Hjálmar. **-hmp/-ebg**



> **Ég tel mikilvægt að þetta verði ekki eins og gert hefur verið víða í borginni, að allt er rifið sem fyrir er.**
>
> *Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs.*

# Stóri dagurinn

Tryggðu þér miða fyrir **kl. 18** í dag!

DRÖGUM Í DAG **10.** JÚLÍ

# NÚ ER MILLJÓNAREGN Í KORTUNUM

**EINN MIÐI, ÞREFALDIR MÖGULEIKAR**

**A**

AÐALÚTDRÁTTUR

## 70 MILLJÓNIR

**3.000** manns fá allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**.

**10**

*MILLJÓNAVELTAN*

## 10 MILLJÓNIR

**10 milljóna** króna vinningur á einn miða.

**1**

MILLJÓN Á MANN

## 5 x 1 MILLJÓN

**5 heppnir** vinningshafar fá **eina milljón** króna hver.



Tryggðu þér miða á **www.hhi.is**, í síma **563 8300** eða hjá næsta umboðsmanni. **Miðaverð er aðeins 1.300 kr.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Vænlegast til vinnings*



## TAKK FYRIR STUÐNINGINN

Á 80 árum hefur Happdrætti Háskóla Íslands átt stóran þátt í uppbyggingu háskóla í fremstu röð og fjármagnað yfir 20 byggingar skólans.

**Stuðningur viðskiptavina okkar gerði þetta mögulegt.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 141915

Eiturlyfjaneysla í Rússlandi:

## Fleiri deyja

**RÚSSLAND** Þrefalt fleiri deyja af völdum of stórs skammts af fíkniefnum í Rússlandi nú miðað við árið 2012, segir The Moscow Times.

Hundrað þúsund manns gætu dáið af þessum sökum í ár, að sögn yfirmanns fíkniefnadeildar rússnesku lögreglunnar. -ih

Kynlíf í morgunsárið:

## Nutust á fleka

**SPÁNN** Par nokkurt gerði sér lítið fyrir árla morguns í vikunni og synti út að fleka við ströndina í bænum Javea, norður af Alicante, og hafði þar samfarir.

Spænski vefurinn Levante sagði frá þessu. Athöfnin fór ekki fram hjá bæjarbúum, en einn þeirra tók myndir af parinu. -jse

# Stórþorskur orðinn til stórvandræða

Þorskur er orðinn mjög stór á miðum. Markaðurinn er hins vegar orðinn vanari minni þorski svo mikið framboð af þeim stóra er til vandræða. Sjómenn eru farnir að krossa fingur og óska þess að tittirnir taki við sér, segir framleiðslustjóri.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Öðruvísi mér áður brá," segir Skjöldur Pálmason, framleiðslustjóri Odda á Patreksfirði, en nú er svo komið að sjómenn fá orðið skömm í hattinn ef mikið af aflanum er stórþorskur en ekki er langt síðan slíkt þótti hinn mesti happafengur.

„Þeir eru farnir að krossa fingur og vona að minni fiskurinn fáist til að taka áður en sá stóri bítur á," segir hann.

Guðbergur Rúnarsson, hjá Samtökum fiskvinnslustöðva, segir að fyrir nokkrum árum hafi þorskurinn verið mun minni. „Og markaðurinn er bara búinn að stilla sig inn á það," segir hann. Stórþorskurinn er því orðinn erfiður viðureignar, til dæmis í pakkningar- og skömmtunarkerfum hjá dreifingaraðilum og verslunum.

Einnig segir Guðbergur að stór þorskur sé óhentug eining fyrir flesta kaupendur.

Skjöldur segir enn fremur að mokfiskirí sé á miðunum. Til að mynda hafi átta tonn veiðst á handfærabát á einum sólarhring. „Það er eins hjá línubátunum," segir framleiðslustjórinn. Hann segir að þess vegna hafi það komið útgerðarmönnum á óvart að ekki skyldi hafa verið úthlutað meiri þorskkvóta fyrir komandi fiskveiðiár.





**SKJÖLDUR PÁLMASON**

**LORENZO ALESSIO MEÐ EINN STÓRAN** Það kom Patreksfirðingunum ekkert á óvart þegar ítalski landsliðskokkurinn dró einn risastóran enda þekkja þeir vel vandann sem hlotist hefur af offramboði risaþorsksins.

Íslandsstofa og Samband fiskvinnslustöðva standa nú í miklu markaðsverkefni til að festa íslenskar sjávarafurðir í sessi sem hágæðavöru í Suður-Evrópu. Hluti af því verkefni var að fá ítalska landsliðskokkinn Lorenzo Alessio hingað til lands til að gera kynningarmyndbönd með íslensku hráefni. Fór meistarakokkurinn í lok síðasta mánaðar vestur á Patreksfjörð og eldaði ofan í starfsmenn Odda og Þórshamars frá Tálknafirði. Síðan var farið með hann á sjóstöng. Það kom Patreksfirðingunum alls ekki í opna skjöldu þegar sá ítalski dró einn risaþorskinn enn. jse@frettabladid.is







SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Á vit ævintýranna í nýjum ŠKODA Yeti Outdoor.

**Betri eru þúsundir stjarna á næturhimni en fimm stjörnur á hóteli.** Þú getur áð hvar sem þér dettur í hug, þökk sé torfærustillingunni í Yeti. Þú getur slappað af og látið fara vel um þig þótt undirlagið sé ójafnt. Þú kemst heilu og höldnu á leiðarenda og VarioFlex aftursætakerfið tryggir að þú getir tekið allan nauðsynlegan aukabúnað með þér. Geymslurými er aldrei vandamál því þú býrð einfaldlega til pláss með því að færa til aftursætin.
Þá kemur sér ekki síður vel að vera með dráttarkúlu sem staðalbúnað. Leggðu drög að óbyggðaferðinni strax í dag með því að fá reynsluakstur hjá ŠKODA. Nú fæst sjálfskiptur Yeti á enn betra verði en áður.

ŠKODA Yeti Outdoor kostar frá 5.220.000,-

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

skoda.is

# DEBENHAMS

## Sumar ÚTSALAN

# 30-70% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

**ENN MEIRI LÆKKUN**



**50%** AFSLÁTTUR AF:
Öllum barnafötum á útsölu



**50%** AFSLÁTTUR AF:
Öllum herrafötum á útsölu



**50%** AFSLÁTTUR AF:
Öllum dömufötum á útsölu



**30%** AFSLÁTTUR AF:
Öllum dömusundfötum á útsölu

**20%** AUKAAFSLÁTTUR* AF:

- Öllum dömu töskum á útsölu
- Öllum dömu og herra skóm á útsölu
- Öllum útsölu dömufatnaði frá EDITION

*Gildir út sunnudag





*Gerðu lífið skemmtilegra*

Finndu okkur á facebook

**Opið** 11:00 - 21:00

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Framleiðendur kaupa sig frá samkeppni

Mörg dæmi eru um að umframeftirspurn sé eftir ýmsum landbúnaðarvörum en samt greiða innflytjendur fullan toll af vörunum. Formaður Neytendasamtakanna segir tollkvótakerfið fráleitt og forstjóri Haga segir kerfið í heild úr sér gengið og þarfnast endurskoðunar.

**VERSLUN** „Við teljum þetta fyrirkomulag sem við búum við í dag á úthlutun tollkvóta alveg fráleitt,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

Fréttablaðið greindi frá því á þriðjudag að innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn eftir ákveðnum hlutum svína, svo sem grísahryggjum og svínasíðum. Þar af leiðandi þurfti í fyrra að flytja inn um 440 tonn af svínakjöti til landsins, en þrátt fyrir skort á þessu kjöti greiða innflytjendur háa tolla af þessum vörum. Sama saga hefur verið sögð í Fréttablaðinu á undanförnum mánuðum af öðrum landbúnaðarvörum þar sem staðfestur skortur er fyrir hendi.

Nú þegar er skortur á nautgripakjöti þannig að fyrirsjáanlegt er að innlendir framleiðendur muni ekki ná að bregðast við eftirspurn. Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) óskuðu eftir því við landbúnaðarráðuneytið að tollar á nautakjöti yrðu felldir niður án tafar. Erindið hefur ekki enn verið afgreitt. „Það sem okkur finnst ankannalegt í þessu er hvernig stjórnvöld geta réttlætt það að halda uppi vernd fyrir framleiðslu sem ekki getur annað eftirspurn. Ekkert bendir til þess að íslenskir framleiðendur muni gera það á næstunni, bændur fá fullt verð fyrir alla þá mjólk sem þeir framleiða og þar af leiðandi er meiri hvati til að framleiða mjólk en nautakjöt. Þetta ætti að vera hvati fyrir stjórnvöld til að lækka verulega eða afnema tolla af nautakjötinu,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ.

Greint var frá því í desember í fyrra að skortur væri á íslensku smjöri og því var Mjólkursamsölunni leyft að flytja inn írskt smjör. Andrés gagnrýnir muninn á viðbragðstíma stjórnvalda eftir því hvaðan erindin koma. „Viðbragðsleysi stjórnvalda gagnvart erindi okkar er mjög athyglisvert og þegar það er borið saman við beiðni Mjólkursamsölunnar vegna yfirvofandi skorts á smjöri. Þar var brugðist við strax.“

Andrés segir að hið sama eigi við um kjúkling, en salmonellusýking komi reglulega upp í íslenskum kjúklingabúum. „Þá verður skortur. Það gerist ekki síst svona síðsumars og tekst aldrei að fylla með eðlilegum hætti upp í það tómarúm sem myndast.“ Innflytjendur greiði samt sem áður tolla af innfluttum kjúklingi, þrátt fyrir að ekki sé hægt að anna eftirspurn.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir framleiðendur halda uppi verði og kaupa sig frá samkeppni. „Að mínu mati þarf að lækka þessa tolla þannig að það myndist meira verðaðhald á innanlandsmarkaði. Við erum að horfa upp á það til dæmis í nautakjötinu að frá því í ágúst hefur verð hækkað um rúm 20 prósent á meðan verðbólga er innan við þrjú prósent. Það er skortur á nautakjöti sem veldur þessu, framleiðendur eru að hækka verð langt umfram það sem eðlilegt er. Þeir geta leyft sér að hækka verð á almennri neysluvöru, nauðsynjavöru um yfir tuttugu prósent. Það er óeðlilegt að mínu mati,“ segir hann.



**BREYTINGA ER ÞÖRF** Framkvæmdastjóri SVÞ, formaður Neytendasamtakanna og forstjóri Haga eru allir sammála um að breytinga sé þörf á landbúnaðarkerfinu til að hagur neytenda sé tryggður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Finnur segir að ekki sé hægt að flytja inn nautakjöt til að mæta þessum skorti nema á ofurtollum, verðið hækki, þar af leiðandi neysluvísitalan í kjölfarið og síðan lán heimilanna. „Kerfið er úr sér gengið og stjórnvöld verða að bregðast við með því að lækka þessa ofurtolla. Þá eru menn ekki í þeirri aðstöðu að misnota kerfið til að hækka verðið langt umfram það sem eðlilegt er.“

Jóhannes bendir á að fyrirkomulagið við úthlutun tollkvótanna bitni á neytendum. „Menn bjóða í kvótann, sá sem býður hæst fær úthlutun. Að sjálfsögðu felst í þessu kostnaður sem innflytjandinn þarf að borga og hann leggur það ofan á vöruverð. Þarna er verið að draga úr ávinningi sem neytendur ella hefðu haft af þessum innflutningi.“

Fréttablaðið hefur ítrekað á undanförnum mánuðum, við vinnslu frétta af tollum á landbúnaðarvörum og áhrifum þeirra á neytendur, reynt að ná í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra, sem fer með neytendamál í ríkisstjórninni, án árangurs. fanney@frettabladid.is

## VÖRURVERÐ MEÐ INNFLUTNINGSTOLLUM*

| | Erlent verð án tolla | % tollur | Magntollur á hvert kíló | Verð með tollum | Samtals tollur | Algengt innkaupsverð | Verðmunur á innlendu og innfluttu án tolla |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kjúklingabringur | 700 | 18% | 540 | 1.353 | 93% | 1.860 | 166% |
| Svínasíður/beikon | 500 | 18% | 217 | 797 | 59% | 900 | 80% |
| Nautalundir | 2.500 | 18% | 877 | 3.827 | 53% | 4.450 | 78% |
| Camembertostur | 1.300 | 90% | 430 | 2.080 | 60% | 2.340 | 80% |

*Verð er miðað við kíló, verð og uppruni í Evrópu




ÞAÐ ER KOMINN NÝR **LAND ROVER DISCOVERY 4**

210 hestafla dísilvél, 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýri og loftpúðafjöðrun með Terrain Response drifbúnaði á öllum hjólum gera Land Rover Discovery 4 að einum öflugasta og þægilegasta jeppa sem völ er á. Meðal nýjunga er nýr framendi með nýjum aðalljósum, breytt afturljós, start/stopp ræsibúnaður og Meridian 380W hljómtæki.

**Discovery 4 S – verð frá: 11.890.000 kr.**
**Eldsneytisnotkun 8,8 l/100 km* í blönduðum akstri.**

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# HÖRKUTILBOÐ

DEWALT
- á heima hjá Sindra -



DWS780
Afl: 1675W
Snúningshraði: 1900–3800 sn./mín.
Blaðstærð: 305 mm
Mesti halli: 48°/49°
Geirungur (hægri/vinstri): 60°/50°
Taska fylgir

Tilboðsverð
**161.900** m/vsk.
Verð áður 189.900



DCD990M2
**18V KOLALAUS HLEÐSLUBORVÉL**
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0 Ah li-Ion
Hersla: 80 Nm
Þyngd: 2,08 kg
Gírar: 3
LEDljós
Bitasett DT71550 fylgir

Tilboðsverð
**79.900** m/vsk.
Verð áður 98.500



DW717
Afl: 1675W
Snúningshraði: 4000 sn./mín.
Blaðstærð: 250 mm
Mesti halli: 48°/48°
Geirungur (hægri/vinstri): 50°/60°

Tilboðsverð
**139.900** m/vsk.
Verð áður 159.900



DCD980M2
**18V HLEÐSLUBORVÉL**
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 80 Nm
Þyngd: 2,4 kg
Gírar: 3
LEDljós

Tilboðsverð
**65.900** m/vsk.
Verð áður 75.900



DCD995M2
**18V KOLALAUS HLEÐSLUBORVÉL MEÐ HÖGGI**
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 80 Nm
Þyngd: 2,13 kg
Gírar: 3
LEDljós

Tilboðsverð
**85.900** m/vsk.
Verð áður 103.255



DCD985M2
**18V HERSLUBORVÉL MEÐ HÖGGI**
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah Li-Ion
Hersla: 80 Nm
Þyngd: 2,42 kg
Gírar: 3
LEDljós

Tilboðsverð
**69.900** m/vsk.
Verð áður 77.900

DCK290M2
**18V HLEÐSLUBORVÉL MEÐ 2 VÉLUM**
DCD985 og DCF885
2*4,0 Ah Li-Ion rafhlöður

Tilboðsverð
**109.900** m/vsk.
Verð áður 129.900



DCK592M3
**18V HLEÐSLUBORVÉL MEÐ 6 VÉLUM**
DCD985 borvél
DCS391 hjólsög
DCS380 sverðsög
DCS331 stingsög
DCL040 ljós
3 stk. rafhlöður 4,0 Ah Li-Ion
Útvarp fylgir DCR017

Tilboðsverð
**189.900** m/vsk.
Verð áður 236.900



PIPAR\TBWA • SÍA • 141917

**www.sindri.is / sími 575 0000**
Viðarhöfða 6 - Reykjavík    Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

# 25 - 50% ÚTSALAN



* 25 - 50% afsl. af öllum húsgögnum og gjafavöru

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

# ER HAFIN! 25 - 50%














HEIMA
HÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16**

# Kranavísitalan rís upp úr öskunni

Byggingakranar spretta upp eins og gorkúlur á höfuðborgarsvæðinu. Útreikningar Seðlabankans sýna fylgni á milli fjölda krana og fjárfestinga á íbúðamarkaði. Skortur á byggingakrönum á landinu hefur leitt til þess að innflutningur á tugum krana er hafinn að nýju.

**EFNAHAGSMÁL** „Sumir segja að við séum að fara aftur til ársins 2007. Ég held að það sé nú ekki alveg svo gott eða slæmt,“ segir Þröstur Lýðsson, framkvæmdastjóri Merkúrs sem hefur umboð fyrir Liebherr-byggingakrana á Íslandi.

Mikil fjölgun hefur orðið á byggingakrönum á höfuðborgarsvæðinu síðan í dýpstu lægðinni eftir hrun. Segja má að kranar spretti nú upp eins og gorkúlur.

Samkvæmt talningu Fréttablaðsins árið 2010 voru sjötíu kranar uppi á höfuðborgarsvæðinu. Þó voru einungis 24 þeirra í notkun en aðrir stóðu óhreyfðir og erfitt reyndist að fá eigendur þeirra til að taka þá niður. Nú eru ónotaðir reistir kranar teljandi á fingrum annarrar handar. Fréttablaðið kannaði stöðuna nú í vikunni og taldi 144 krana á höfuðborgarsvæðinu.

Reykjavíkurborg hyggst stuðla að byggingu 2.500-3.000 leiguíbúða á kjörtímabilinu. „Sígandi lukka er alltaf best. Ef þú sprengir upp markaðinn segir það sig sjálft að þá verður offramboð og þá kemur aftur hrun. Ef menn gæta sín ekki þá lendum við bara í sama bullinu og var árið 2007. Menn verða að hugsa til framtíðar, sérstaklega ráðamenn,“ segir Þröstur.

„Það sem er að gerast er að allir kranar sem voru til eru komnir upp og það er byrjaður þó nokkur innflutningur. Við erum að taka inn nýjan krana og erum nærri viss um að þegar við reisum hann í næstu viku þá muni hann seljast,“ segir Þröstur. Hann segir sömuleiðis að á síðasta ári hafi sala á varahlutum í byggingakrana verið tvöföld miðað við það sem hún var á árunum 2009-2012 samanlagt.

> **Ef þú sprengir upp markaðinn segir það sig sjálft að það verður offramboð og þá kemur aftur hrun.**
>
> *Þröstur Lýðsson, framkvæmdastjóri Merkúrs.*

Ólafur Klemensson, hagfræðingur hjá Seðlabankanum, segir að fylgni megi sjá í fjölgun byggingakrana og sölu á íbúðamarkaði. „Við tökum þetta saman meira í gamni en í alvöru snemma í vor. Við tengdum saman fjölda uppsettra byggingakrana og þróun fjárfestinga í íbúðarhúsnæði og þá kom í ljós gríðarlega gott samband. Það kom okkur þægilega á óvart,“ segir Ólafur.

Samkvæmt spá Seðlabankans mun fjárfesting í íbúðarhúsnæði aukast um 23,9 prósent á árinu 2014 og 17,7 prósent á næsta ári.

Georg Árnason sér um eftirlit með byggingakrönum fyrir Vinnueftirlitið. Hann segist hafa töluvert meira að gera í vinnu nú en fyrir nokkrum árum. Mikilvægt sé þó að ná jafnvægi í byggingariðnaðinum svo hann endurspegli heilbrigðan efnahag.

**snaeros@frettabladid.is**

**➜ Byggingakranar á höfuðborgarsvæðinu**




* Þar af 24 í notkun

Skv. talningu Fréttablaðsins



**KRANA BER VIÐ HIMIN** Appelsínugulu turnunum hefur fjölgað gríðarlega á síðustu mánuðum. Allt bendir til þess að þetta sé þó bara byrjunin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**AÐ HRUNI KOMNIR** Svona var umhorfs eftir hrun þegar lítill uppgangur var í byggingabransanum. Kranarnir voru síðar fluttir úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**ÞRÖSTUR LÝÐSSON** Framkvæmdastjóri Merkúrs. MYND/KLARA SIGURÐARDÓTTIR





KIA The Power to Surprise

**Þér er boðið að reynsluaka Kia cee'd Sportswagon** – stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, **eyðir frá 4,4 l/100 km** í blönduðum akstri.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan stórglæsilega bíl. Við tökum vel á móti þér.

**Eigum bíla til afgreiðslu strax!**

Verð frá **3.490.777 kr.** cee'd Sportswagon 1,4 dísil

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# „SUMAR" ÚTSALA Í MÚRBÚÐINNI!

## Afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI

**Garð-verkfæri**
25-40%
AFSLÁTTUR



**Patrol garðfötur, balar og körfur**
25%
AFSLÁTTUR



**Plast blómapottar**
35-45%
AFSLÁTTUR




**Taurus strekkibönd**
30%
AFSLÁTTUR



**Leir blóma-pottar**
30%
AFSLÁTTUR





**Wiz garðslöngur og úðarar**
35%
AFSLÁTTUR
Gott fyrir sunnlendinga



**Barna hjólbörur**
25%
AFSLÁTTUR

**Colorex Kína harðviðarolía**
30%
AFSLÁTTUR






**Garð yfirbreiðslur**
30%
AFSLÁTTUR





**Þvottakústur og skófla**
30%
AFSLÁTTUR



**Nestiskörfur í útileguna**
30%
AFSLÁTTUR



| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

Söfnun Barnaheilla:

## Notuð hjól fyrir börn gefins

**SAMFÉLAGSMÁL** Samtökin Barnaheill söfnuðu nýverið notuðum reiðhjólum fyrir börn og unglinga sem ekki hafa kost á að kaupa sér reiðhjól. Fjöldamörg hjól voru í framhaldinu afhent hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjanesbæ.

Enn eru nokkuð mörg reiðhjól eftir og þau má nú nálgast fyrir utan húsnæði Hjálparstarfs kirkjunnar í kjallara Grensáskirkju að Háaleitisbraut 66 (gengið inn að neðanverðu).

Könnun tryggingafélags í Noregi á drykkju norskra foreldra með börn í utanlandsferðum:

## Foreldrar ölvaðir með börnin í sumarfríi

**NOREGUR** Þrettán prósent Norðmanna hafa á ferðum sínum erlendis séð lítil norsk börn í fylgd með ölvuðum foreldrum sínum síðastliðið ár. Þetta eru niðurstöður könnunar norska tryggingafélagsins Europeiske Reiseforsikring. Flestir, eða 27 prósent, höfðu séð slík tilfelli í Tyrklandi, að því er segir á fréttavef Aftenposten.

Haft er eftir presti við sjómannakirkjuna í Alanya, Jens Bjørnsgård, að fjöldi svokallaðra félagslegra tilfella hafi aukist undanfarin ár. Stundum leiti einstaklingarnir sjálfir til kirkjunnar en oft sé komið með þá þangað. Þeir verði oft ánægðir með að fá aðstoð og segist ekki skilja hvernig hlutirnir hafi getað farið svona úrskeiðis.

Í fyrra hafi tilfellin verið 50 til 60, flest vegna geðrænna vandamála eða neyslu vímuefna.

Aðeins fjögur til átta prósent Norðmanna höfðu séð ölvaða norska foreldra með börn á Ítalíu, í Þýskalandi og Frakklandi. Upplýsingafulltrúi ferðaskrifstofunnar Star Tour, Elisabeth Larsen-Vonstett, telur að drykkjan verði meira áberandi á stöðum þangað sem farið er í skipulagðar ferðir. - ibs



**Á SÓLARSTRÖND** Tyrkland er meðal vinsælustu sumarleyfisstaða norskra barnafjölskyldna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hámarka þungunarlíkur para sem kljást við ófrjósemi með smáforriti

**Sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur hafa tekið höndum saman við gerð smáforrits sem kemur til með að hjálpa milljónum para um allan heim sem ganga í gegnum glasameðferð. Smáforritið er það fyrsta sinnar gerðar í heiminum. Þær segja ófrjósemi feimnismál.**



Nanna Elísa Jakobsdóttir
nanna@frettabladid.is

„Þetta er rússíbani tilfinningalega, miklar sveiflur milli vonar og vonleysis,“ segir Gyða Eyjólfsdóttir sálfræðingur en hún er sérhæfð í að aðstoða pör sem kljást við ófrjósemi. Hún, ásamt Berglindi Ósk Birgisdóttur hjúkrunarfræðingi, hefur hannað smáforrit í Android-síma sem kemur til með að hjálpa pörum um allan heim í gegnum glasameðferðir, með jafna áherslu á líffræðilegu hliðina og hina andlegu. Gyða segist hafa gengið með hugmyndina í maganum um árabil, hún hefur sjálf skoðað þau andlegu áhrif sem glasameðferð hefur á pör í áratug en vantaði einhvern með bakgrunn og þekkingu um meðferðirnar sjálfar og önnur áhrif en tilfinningaleg. „Berglind hefur hann bæði sem hjúkrunarfræðingur og sem manneskja sem hefur glímt við ófrjósemi og farið í margar meðferðir sjálf.“

Ófrjósemi er mikið feimnismál. Gyða segist hvetja konur sem til hennar koma til þess að sækja kaffihúsahittinga og fyrirlestra þar sem fjallað er um ófrjósemi. „En þær mæta ekki. Þær vilja ekki að einhver sjái þær, þá upplifa þær að einhver sjái skömmina þeirra.“ Það var af þessari ástæðu sem Gyða sá þörf fyrir app sem veitir pörum ákveðna aðhlynningu á meðan glasameðferð stendur yfir. „Okkur langar svo að ná til fleiri para svo fleirum geti liðið vel,“ segir Gyða.

Um tvær milljónir para sem tala ensku fara í glasameðferð á ári hverju. Talan er byggð á rannsókn kvennanna sem segja ljóst að markaður sé fyrir app af þessu tagi en það er það fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Appið verður í þremur hlutum og allur texti verður á ensku.

Fyrsta síðan er upplýsingasíða um undirbúning og mismunandi meðferðir, lyf, vítamín og slökunaræfingar. Annar hlutinn kallast Meðferðin mín og þar er dagatal yfir þær sex vikur sem meðferðin tekur. Daglega kemur hjálpleg melding á símann með upplýsingum um hvað sé að fara að gerast, við hverju par megi búast, hvað auki líkur á þungun, hvernig megi öðlast betri líðan og ráð varðandi samskipti við maka og aðra. Þriðji hlutinn er síða sem geymir stillingaratriði.

Líkurnar á að þungun verði eftir glasameðferð eru á milli 30 og 35 prósent og því þarf alla jafna að endurtaka meðferð oft með tilheyrandi tilfinningaróti.

„Fólk er oft og tíðum að fara í fjölda meðferða. Með því að nota appið vonumst við til þess að hægt sé að draga úr þeim fjölda meðferða sem fólk þarf að fara í áður en það fær gullmolann sinn í hendurnar,“ útskýrir Berglind. „Það sé sem sagt hægt að hámarka þungunarlíkurnar með þessum rannsóknarniðurstöðum,“ bætir Gyða við.

Þær hafa nú hafið söfnun á KarolinaFund.com fyrir þeirri upphæð sem enn stendur eftir til þess að hægt sé að greiða forritaranum, en nú þegar hafa þær sjálfar lagt háa fjárhæð í verkefnið auk þess sem þær fengu styrk frá Nýsköpunarmiðstöð. Söfnunin stendur til 8. ágúst. „Við kunnum að meta allan stuðning.“ nanna@frettabladid.is



**DJÚP ÞRÁ** Berglind Ósk Birgisdóttir og Gyða Eyjólfsdóttir segja það hafa mikil áhrif á tilfinningalíf fólks að geta ekki eignast barn. „Þetta er svo samfélagslegt og svo bara ofboðslega djúp þrá eftir barni hjá fólki,“ segir Berglind sem sjálf hefur gengið í gegnum glasameðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### 2 MILLJÓNIR PARA FARA Í GLASAMEÐFERÐ Á ÁRI

Í ÞEIM LÖNDUM ÞAR SEM FÓLK SKILUR ENSKU

**2.800** Google-leitir að ófrjósemi* á dag

**19.000** einstaklingar á Íslandi glíma við ófrjósemi

**570.000** krónur vantar í söfnunina til að klára forritun á appinu IVF-Coaching

*Infertility






Árangursrík tilraun meðal 7. til 9. bekkinga í sænskum grunnskóla:

## Einkunnir hækkuðu þegar heimanáminu var sleppt

**SVÍÞJÓÐ** Þegar nemendurnir í grunnskólanum Norrevångsskolan í Karlshamn í Svíþjóð sluppu við heimanám hækkuðu einkunnir þeirra umtalsvert, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá.

Skólastjórinn gerði í fyrra tilraun meðal nemenda í 7. til 9. bekk sem gekk út á að sleppa alveg heimalexíum. Nemendum var boðinn morgunverður í skólanum og þeir höfðu möguleika á að dvelja í skólanum eftir að kennslu lauk til þess að fá sérstaka aðstoð við námið eða stunda íþróttir.

Haft er eftir skólastjóranum að margt hafi ekki verið sem skyldi, fjarvistir hafi verið miklar, árangur lélegur og færri kosið að læra tungumál. Breytingar hafi verið nauðsynlegar. Skólastjórinn, Patrik Johnsson, segir að nemendur læri tíu sinnum meira á frjálsum námstíma heldur en þegar þeir fái heimalexíur. Hann segir einkunnir aldrei hafa verið hærri.

Það sem gleður skólastjórann mest er að nemendur hafa á orði að þeim líði betur í skólanum. Auk þess sé minna skemmt í skólanum. Það er mat skólastjórans að þegar heimanámi sé sleppt aukist kröfurnar á kennara um árangursríkari kennslu. Þess vegna hafi árangurinn af breytingunum orðið svona góður.

Hann bendir meðal annars á að mikilvægt sé að skilja á milli vinnu og frítíma. Nemendur hafi orðið miklu einbeittari í skólanum. - ibs



**HEIMANÁM** Nemendum leið betur í skólanum þegar þeir sluppu við heimalexíurnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# RÝMINGAR SALA

## Á SUMARVÖRUM

**Allt að 50% afsláttur**



GARÐHÚSGÖGN 30%
FERÐAHÚSGÖGN 40%
SUMARBLÓM 20-50%
TRÉ OG RUNNAR 50%
TJÖLD 30%
LEIKFÖNG 40%
GARÐVERKFÆRI 20%
HEKKKLIPPUR 25%
CLABER GARÐVÖRUR 40%
KEÐJUSAGIR 25%
REIÐHJÓL 30%
REIÐHJÓLAHJÁLMAR 50%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30%
BÚSÁHÖLD 30%
ÚTIPOTTAR 30%
GOSBRUNNAR 30%
FRÆ 30%
GARÐSTYTTUR 30%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA

**OPIÐ TIL KL. 19:00**
**ALLA DAGA Í SKÚTUVOGI**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.
Úrval af rýmingarsöluvörum getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956




PIPAR\TBWA • SÍA • 141821



**CAMPING** TWISTER GASHELLA

**5.990 KR.**

FULLT VERÐ 9.990 KR.



**CAMPINGAZ** GASGRILL
3ja brennara

**54.990 KR.**

FULLT VERÐ 89.990 KR.



**COLEMAN** ROCK SPRING TJALD
3ja manna

**14.990 KR.**

FULLT VERÐ 24.990 KR.



**MENSA** HITARI

**9.990 KR.**

FULLT VERÐ 39.990 KR.



BAKPOKAR
30%
AFSLÁTTUR



**CAMPINGAZ** BONECO KOLAGRILL

**14.990 KR.**

FULLT VERÐ 34.900 KR.



SCOTT VÖRUR
70%
AFSLÁTTUR



**MENSA** HITARI

**9.990 KR.**

FULLT VERÐ 39.990 KR.



**COLEMAN** STÓLL
Með örmum

**7.990 KR.**

FULLT VERÐ 11.900 KR.



**COLEMAN** TJALDDÝNA

**3.990 KR.**

FULLT VERÐ 5.990 KR.



**SAMFELLANLEGT** BORÐ
Stærð 80x60cm

**7.490 KR.**

FULLT VERÐ 9.900 KR.



**GREYS** VÖÐLUJAKKI

**39.995 KR.**

FULLT VERÐ 49.990 KR.

40%
AFSLÁTTUR



**SHAKESPEARE** FLUGUSTANGIR MEÐ HÓLK

VERÐ FRÁ

**9.995 KR.**



**HARDY** TASKA F. STANGIR OG HJÓL

**15.995 KR.**

FULLT VERÐ 19.990 KR.

LOOP VEIÐIHJÓL & AUKASPÓLUR
50%
AFSLÁTTUR





ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
ALLAR
ÚTIVISTARBUXUR
40%
AFSLÁTTUR
COLEMAN HITABRÚSI
0,75 l.
2.990 KR.
FULLT VERÐ 4.490 KR.
DIDRIKSONS
FLÍSFÖT*
40%
AFSLÁTTUR
*BARNASTÆRÐIR
COLUMBIA RAINSTORMER JAKKI
Dömu, XS–XL. Herra, S–2XL.
Nokkrir litir í boði.
14.990 KR.
FULLT VERÐ 29.990 KR.
DIDRIKSONS BOARDMAN
Barnastærðir 80–130.
9.990 KR.
FULLT VERÐ 13.990 KR.
COLUMBIA DRAINMAKER
GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–48
9.990 KR.
FULLT VERÐ 19.990 KR.
70%
AFSLÁTTUR
COLUMBIA POWDERBUG
BARNAKULDASKÓR
Stærðir 32–39
4.197 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.
VIKING GÚMMÍSKÓR
Stærðir 35–47
3.992 KR.
FULLT VERÐ 4.990 KR.
ÖLL KÆLIBOX
30%
AFSLÁTTUR
MERIDA
FJALLAHJÓL
30%
AFSLÁTTUR
COLUMBIA BUGABOOT
KULDASKÓR
Stærðir 36–48
14.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
VÖÐLUR
OG SKÓR
20-50%
AFSLÁTTUR
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Einbýli í Grafarvogi

**Er með trausta kaupendur**
sem leita að c.a. 200 fm einbýli auk bílskúrs í Grafarvogi

Verð allt að 57 milljónum

Sveigjanlegur afhendingartími



Áhugasamir hafi samband við
**Láru B. Björnsdóttur**
sölufulltrúi
**sími:** 841-2333
lara@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Markaðsstofa Kópavogs

**Aðalfundur Markaðsstofu Kópavogs 2014**

**Aðalfundur Markaðsstofu Kópavogs verður haldinn fimmtudaginn 24. júlí kl. 12:00 í Bæjarstjórnarsal Kópavogsbæjar, Fannborg 2.**

**Dagskrá**
1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins lagðir fram
3. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara
4. Önnur mál

Allir með aðild að Markaðsstofu Kópavogs eru boðnir hjartanlega velkomnir.

Léttar veitingar í boði.

Markaðsstofa Kópavogs · Fannborg 2, 200 Kópavogur · s. 570 1578







**1 KJÖRSTAÐIR OPNAÐIR** Meðlimir úr ættbálki á Papúa í austurhluta Indónesíu greiða atkvæði í forsetakosningum í Indónesíu. Kjörstaðir voru opnaðir í gær en búist er við að úrslit verði kynnt eftir tvær vikur. NORDICPHOTOS/AFP



**2 MÚSLIMAR FASTA** Egypskur brauðsölumaður hjólar um eftir sólsetur í Kaíró. Nú er ramadan, helgasti mánuður múslíma, þar sem múslímar hvorki borða né drekka frá sólarupprás til sólarlags. NORDICPHOTOS/AFP



**3 ALLT Á FLOTI** Ungir strákar kanna aðstæður í Abidjan, fjölmennustu borg Fílabeinsstrandarinnar. Úrhelli undanfarinna vikna hefur valdið flóðum, dauðsföllum og mikilli eyðileggingu víða um landið. NORDICPHOTOS/AFP





ÁHRIFARÍKAR SKJÁLAUSNIR SEM KOMA MEÐ NÝSKÖPUN Í ÞINN REKSTUR
innovation + you

**AUGLÝSINGASKJÁIR**
**UPPLÝSINGASKJÁIR**
**SKJÁVEGGIR**



*Hafið samband og við kynnum fyrir ykkur óendanlega möguleika hvort sem er fyrir verslanir, stofnanir eða veitingahús þar sem koma þarf á framfæri auglýsingum eða upplýsingum með áhrifaríkum hætti.*

SignageSolutions PHILIPS

Heimilistæki ht.is
Heimilistæki söludeild, 5691520, sala@ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




# Nýr og öflugur **liðsstyrkur**

## Sportþrenna fyrir liði og brjósk

**Sportþrenna Liðleiki** er ætluð þeim sem stunda hreyfingu og íþróttir að staðaldri. **Sportþrenna Liðleiki** stuðlar að virku ónæmiskerfi, styður við heilbrigði liða og brjósks við og eftir erfiða líkamlega áreynslu.




> HREYFING > LIÐIR > LÍKAMSRÆKT

www.lysi.is

VERT

Ný gjaldeyrishöft taka við af gjaldeyrishöftunum:

# Rífa plásturinn af

Í grein sem birtist í Fréttablaðinu á þriðjudag skoraði Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, á stjórnvöld að aflétta gjaldeyrishöftum hið snarasta. Fjármagnshöftin væru stærsta ógnin við efnahagslegan stöðugleika hér á landi.

Fréttablaðið birti í gær fréttaskýringu um efnahagslega áhættu gjaldeyrishafta. Þar kom meðal annars fram að höftin fældu í miklum mæli burt erlenda fjárfesta, sem vildu ekki festast innan þeirra. Vitað er af ófrávíkjanlegum kröfum fjárfesta þess efnis að fyrirtæki séu flutt inn á svæði þar sem ekki þurfi að hafa áhyggjur af reglubreytingum stjórnvalda heldur séu þau staðsett í umhverfi sem hægt sé að treysta á. Íslensk fyrirtæki og frumkvöðlar þurfa því í auknum mæli að færa alla sína starfsemi, eða hluta hennar, til útlanda með tilheyrandi afleiðingum fyrir íslenskt efnahagslíf. Nærtækasta dæmið er nýsköpunarfyrirtækið Mint Solutions, sem tilkynnti nýlega að það þyrfti að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi vegna viðræðna um erlenda fjárfestingu.



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@365.is

Þetta er langt í frá eina dæmi þess að tilvist gjaldeyrishaftanna hafi komið í veg fyrir fjármögnun á fyrirtæki af því að það er staðsett hérlendis. Íslensk fyrirtæki sem eru í samkeppni við erlenda aðila geta ekki boðið alþjóðlegum fjárfestum upp á nægilega öruggt umhverfi þannig að áhættan sé réttlætanleg. Í krafti stærðar fá stórfyrirtæki á borð við Marel, Össur og CCP undanþágu frá gjaldeyrishöftum. Minni fyrirtæki til dæmis í nýsköpun fá ekki sömu tækifæri enda ljóst að lögin væru nánast marklaus ef allir fengju undanþágu. Þetta hefur í för með sér gífurlega mismunun þegar kemur að rekstrarumhverfi fyrirtækja hér á landi. Annars vegar fámennur hópur sem nýtur velvildar Seðlabankans en hins vegar meginþorri fyrirtækja sem þarf að þjást í höftum.

Í grein sinni bendir Þorsteinn á að aðstæður til að ráðast í afnám gjaldeyrishaftanna séu nú eins hagstæðar og kostur er á en ekki sé sjálfgefið að þessar aðstæður verði viðvarandi. Efnahagsleg áhætta afnáms hafta nú sé mun minni en hættan sem fylgi áframhaldi þeirra. Vandamálið við höftin er að óþægindin við að afnema þau koma fram mjög hratt, eins og þegar plástur er rifinn af, en eins og þegar sýking í sári fær að malla óáreitt kemur kostnaðurinn við að hafa höftin hins vegar fram mjög hægt. Það er því freistandi og hugguleg staða fyrir stjórnvöld að leyfa skaðanum að gerast hægt í stað þess að taka á sig óþægindin strax, með tilheyrandi tímabundinni óánægju frá almenningi.

Sá hængur er á áskorun Samtaka atvinnulífsins að í henni er ekki tekið tillit til þess að fáir virðast hallast að því að krónan verði aftur frjáls gjaldmiðill þótt höftum verði aflétt. Fyrirsjáanlegt ástand eftir afnám gjaldeyrishaftanna er haftaástand í breyttri mynd. Bæði seðlabankastjóri og sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa rætt um að þegar höftum sleppi þurfi að koma til „þjóðhagsvarúðarreglur“ eða „hraðahindranir“ á vegi útflæðis gjaldeyris úr landinu. Það er ljóst að íslenska krónan er ekki nothæfur gjaldmiðill í alþjóðaviðskiptum og um leið ónothæf fyrir íslenskt atvinnulíf. Þannig má telja að hér verði gjaldeyrishöft í einhverri mynd þar til tekinn verður upp annar gjaldmiðill. Það er áskorunin sem réttast væri að senda stjórnvöldum. Það er plásturinn sem ríður á að rífa af.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

netto 24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ
GRANDA OG MJÓDD

DAG SEM NÓTT

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Karlar ráða karla

Frjáls verslun útnefnir 100 áhrifamestu konur Íslands í nýjasta tölublaðinu. Rætt er við þær sem taldar eru hafa mest áhrif og líkt og í flestum viðtölum sem birtast við konur eru þær spurðar um jafnréttismál. Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan, segir að jafnrétti komi ekki af sjálfu sér og það taki tíma. Stjórnendur hafi alltaf tilhneigingu til að ráða einhvern sem líkist þeim sjálfum. Rannveig segir að meðan karlar séu jafnmargir í stjórnunarstöðum séu mestar líkur á að þeir ráði annan karl, konur þá aftur konu.



Nú er búið að fjölga konum í stjórn fyrirtækja og vonandi að kvenkyns stjórnendum innan fyrirtækjanna fjölgi í kjölfarið.

### Eina konan

Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, svarar því í Frjálsri verslun hvernig það að sé að vera kona í fjarskiptageiranum. Hún segist oft hafa verið eina konan í hópnum þegar hún var yngri. Það gerist sjaldnar í dag. Hlutirnir séu að breytast. Liv segist hafa fundið fyrir því að umræða um jafnara kynjahlutfall hafi haft áhrif á viðskiptalífið og raunar víðar á samfélagið.



### Af hverju Stefán?

Það væri ekki úr vegi að Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, útskýrði hvers vegna hann skipaði Stefán Eiríksson, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, sem formann nefndar sem á að meta hæfi umsækjenda um stöðu bankastjóra Seðlabanka Íslands. Bent hefur verið á að Stefán hafi hvorki reynslu af störfum við stjórn efnahagsmála né sé hann hagfræðingur. En einhverja kosti hlýtur maðurinn að hafa í starfið og það væri því ekki úr vegi að ráðherrann útskýrði hverja og hvers vegna hann skipaði Stefán.

johanna@frettabldid.is

## HALLDÓR




# Frjáls úr höftum

EFNAHAGSMÁL



Unnur Brá Konráðsdóttir
alþingismaður

Einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi með hagsmuni allra stétta fyrir augum eru þeir hornsteinar sem farsælt er að byggja öflugt samfélag á. Aukið frelsi í viðskiptum bætir ekki aðeins möguleika atvinnulífsins til að vaxa og þróast heldur leiðir einnig af sér aukna samkeppni, neytendum til hagsbóta. Á undanförnum áratugum hafa margir jákvæðir áfangar náðst í átt að auknu viðskiptafrelsi og heyrir nú til undantekninga ef ríki eða sveitarfélög standa í verslunarrekstri. Sá þáttur sem mest áhrif hefur haft í íslensku samfélagi í átt til aukins viðskiptafrelsis er aðild Íslands að EES-samningnum. Í kjölfar hans má segja að frelsi í viðskiptum hafi átt sviðið.

Við sem aðhyllumst frelsi í viðskiptum hljótum öll að fagna þeirri umræðu sem skapast hefur um sölu áfengis, lyfja og landbúnaðarafurða í kjölfar frétta af áhuga verslanakeðjunnar Costco á að opna verslun á Íslandi. Ég tel að afnema eigi einkasölu ríkisins á áfengi og heimila öðrum en apótekum að selja lyf í smásölu en ljóst er að breytingar í átt til aukins viðskiptafrelsis verða alltaf almennar en ekki sértækar fyrir eina verslanakeðju. Hvað landbúnaðinn varðar þá er hollt fyrir okkur að taka umræðu um kosti og galla núverandi fyrirkomulags. Ef við

**➜ Ef við teljum íslenskar afurðir margfalt betri og hollari en aðrar hvers vegna teljum við þá sjálfgefið að þær vörur fari halloka í samkeppni við erlenda vöru af margfalt minni gæðum?**

teljum rétt að viðhalda því óbreyttu þá þarf að rökstyðja það vel. Matvælaöryggi er mikilvægt sem og byggðasjónarmið og auðvitað eigum við að gera ákveðnar gæðakröfur til þeirra matvæla sem flutt eru til landsins. Í nútímanum gengur hins vegar ekki að halda því fram að allt sem komi frá útlöndum leiði af sér heilsubrest og hörmungar. Ef við teljum íslenskar afurðir margfalt betri og hollari en aðrar hvers vegna teljum við þá sjálfgefið að þær vörur fari halloka í samkeppni við erlenda vöru af margfalt minni gæðum?

Ein er þó sú hindrun sem yfirskyggir allar aðrar hindranir í íslensku viðskiptalífi. Það eru gjaldeyrishöftin. Forsenda þess að fyrirtæki og einstaklingar í landinu geti skapað aukin verðmæti er afnám þeirra. Þess vegna er stærsta verkefni okkar Íslendinga á næstu mánuðum að afnema gjaldeyrishöftin. Frjáls úr þeim höftum eru okkur allir vegir færir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Af hverju náttúruverndargjald í Reykjahlíð? Fyrri grein

FERÐAÞJÓNUSTA



Ólafur H. Jónsson
forsvarsmaður LR ehf. fyrir verkefninu

1 *Af hverju náttúruverndargjald?* Fjöldi erlendra ferðamanna í Mývatnssveit hefur nær sexfaldast á síðasta áratug. Áætlað er að um 400.000 erlendir ferðamenn heimsæki sveitina í ár. Vegna gífurlegs ágangs erlendra ferðamanna nær náttúran ekki að viðhalda sér, auk þess sem öryggi ferðamanna er ábótavant. Ríkið hefur ekki komið að uppbyggingu í einkalandi á Íslandi síðasta áratug og lítið sem ekkert á því landi sem er í ríkisforsjá, sbr. þjóðgarðinn á Þingvöllum og aðrar náttúruperlur. Landeigendur í Landeigendum Reykjahlíðar ehf. (LR ehf.) hafa miklar áhyggjur af versnandi ástandi náttúrunnar í sínu landi. Því hefur sú leið verið farin að óska eftir að þeir sem njóti hennar, taki þátt í kostnaði við uppbygginguna svæðanna. Tveir kostir voru í stöðunni: að loka þessum svæðum eða hefja gjaldtöku strax. Gjaldtöku við Dettifoss var frestað til 1. maí 2015.

2 *Hversu hátt er gjaldið?* Inn á hvorn stað, Hveri austan Námaskarðs og Leirhnjúk, er gjaldið 800 kr. m/vsk. og frítt fyrir 18 ára og yngri. Af hverjum miða tekur ríkið 163 kr. (25,5% virðisauki) sem er ný tekjulind sem rennur beint til ríkisins. Þessar 163 krónur skila sér líklega ekki til baka til uppbyggingar á okkar svæði. Athugaður var sá möguleiki að Íslendingar fengju frítt inn á svæðin en óvíst er að það hefði staðist íslensk lög.

Athygli vekur að þó að ferðaþjónustuaðilar fái um 450 milljónir króna árlega frá ríkinu í endurgreiddan virðisauka, þá hafa þeir ekki veitt neina fjármuni í verndun eða uppbyggingu náttúrusvæða sem þeir selja ferðamönnum inn á. Því er erfitt að skilja gagnrýni þeirra á gjaldtöku fyrir uppbyggingu á ferðamannasvæðum. Í dag á sér stað mismunun í ferðaþjónustu, því sumir greiða engan virðisauka, aðrir 7%, en landeigendur í Reykjahlíð eru skyldaðir til að greiða 25,5%. Hvers vegna?

3 *Hverjir eiga Reykjahlíð, stærstu jörð í einkaeigu á Íslandi, og hvernig eignuðust þeir hana?* Jörðin Reykjahlíð, sem talin er vera um 150 þúsund hektarar að flatarmáli, er í eigu 17 einstaklinga og fjölskyldna þeirra og eru eignarhlutirnir mismunandi stórt hlutfall af jörðinni, frá 0,55% upp í 25%. Jörðin Reykjahlíð var keypt árið 1895 fyrir 7.000 ríkisdali auk jarðar sem var sett upp í kaupverðið. Eigninni fylgdu þær kvaðir að ferja alla ferðamenn yfir Jökulsá á Fjöllum og tóku Reykhlíðungar ferjutoll fyrir. Eigendur hafa frá upphafi til dagsins í dag greitt alla skatta og skyldur af jörðinni eða í 119 ár! Jörðin Reykjahlíð er ekki sjálftökujörð. Tekjur af jörðinni eru mjög litlar miðað við gæði, umfang og stærð. Landeigendur stofnuðu hagsmunafélag allra landeigenda í formi einkahlutafélags (ehf.) árið 2002 og er hlutur hvers og eins í félaginu í samræmi við eignarhlut hans í jörðinni.

4 *Hvernig verður náttúruverndargjaldinu ráðstafað?* Landeigendur hafa því miður ekki laust fjármagn og hefur LR ehf. tekið á sig fjárskuldbindingar vegna stofnkostnaðar þessa verkefnis ásamt vinnulaunum upp á nær 30-40 m.kr. Fyrst verður staðið við þær skuldbindingar og það sem eftir er fer í uppbyggingu og verndun. Á næstu árum eru mörg verkefni áætluð, svo sem hönnun og bygging þjónustuhúsa, göngupalla/útsýnispalla (allt handunnið), bílastæða, salernisþjónustu og ótal lagfæringa á illa förnum göngustígum í kílómetratali. Öll uppbygging tekur mið af náttúru hvers svæðis. Heimamenn, sem best þekkja sitt eigið land, munu koma að þessum framkvæmdum ásamt sérfræðingum á hverju sviði.

5 *Hvers vegna ekki að bíða eftir „náttúrupassa" 2015?* Verulegur meirihluti landeigenda treystir ekki ríkinu né stjórnmálamönnum til að koma með útfærslu á gjaldtöku þannig að Mývatnssveit/Reykjahlíð fái það sem henni ber miðað við fjölda ferðamanna sem koma í sveitina. Löng reynsla af aðgerðaleysi ríkisins sem og sjóða í þessa umsjá undanfarin 12 ár sýnir það. Einkaaðilum er og verður ekki gert hátt undir höfði varðandi úthlutun úr sjóðum sem stjórnað er af ríkinu. Á því verður engin breyting.

**➔Það sem vakir fyrir landeigendum Reykjahlíðar er að vernda náttúruna ...**

Fjölmennar nefndir á vegum ríkisins, ráðuneyti og samtök ferðaþjónustunnar (SAF o.fl.) hafa ekki skýrt á einfaldan hátt, hvernig slík gjaldtaka verður útfærð, hver fær hvað eða hvernig hlutfallið verður reiknað út, t.d fyrir Reykjahlíð. Á meðan svo er, er það skylda okkar að vernda landið og því hefjum við gjaldtöku nú í sumar.

Við erum samt tilbúin til viðræðna um góðar hugmyndir, en því miður er ekki mikil bjartsýni meðal flestra landeigenda.

Það sem vakir fyrir landeigendum Reykjahlíðar er að vernda náttúruna og skapa góða ímynd þegar til lengri tíma er litið.

Verið velkomin á upplýsinga- og sölusíðu verkefnis okkar: natturugjald.is

*Frh. kemur í grein 2 er birtist síðar.*

# Tryggjum mannvirðingu alls launafólks

SAMFÉLAG



Þorsteinn Valur Baldvinsson Hjelm
áhugamaður um velferð

Það lýsir best hinum innri manni hvernig við komum fram við þá sem eru varnarlausir og á okkur treysta, rík þjóð sem Íslendingar á að sjá sóma sinn í að tryggja öllum lágmarksframfærslu til samræmis við raunverulegan framfærslukostnað.

Það sparkar enginn með heilbrigða siðvitund í liggjandi mann né skerðir lífsgæði þeirra þögulu.

Ég bið ykkur um að hjálpa mér við að safna undirskriftum til að þrýsta á Alþingi um að sett verði lög til að tryggja lágmarkslaun og að við þau verði framfærsla öryrkja, aldraða, atvinnulausra og annarra sem fá bætur miðuð.

Við eigum ekki að umbera biðraðir eftir matar- og fjárhagsaðstoð í jafn auðlindaríku landi og okkar.

Friður og sátt tryggir velmegun, mismunun og stéttskipting tryggir ófrið og sundrungu.

**Vinsamlega undirritið og deilið áfram sem mest:**

http://www.avaaz.org/en/petition/Althingi_setji_log_um_lagmarkslaun_Vid_skorum_a_Althingi_ad_logsetja_lagmarkslaun_til_samraemis_vid_framfaerslu/?copy




# Frí fram undan – komum heil heim

HEILBRIGÐISMÁL



**Sigrún Knútsdóttir**
klínískur ráðgjafi um mænuskaða á sjúkraþjálfun Landspítala Grensási

Sumarleyfin eru fram undan, sumarbústaðahverfin eru vöknuð og umferðin á þjóðvegunum eykst. Sumir velja að eyða fríinu í rólegheitum, aðrir þjóta upp á fjöll eða leita á vit annarra ævintýra. Einhverjir ætla kannski að nota fríið til að dytta að húsinu sínu eða mála þakið. Hraði og spenna eru oft samfara fríinu. Slysahættur leynast víða en þær eru mestar þegar brett er út af vananum.

Mænuskaði er meðal alvarlegustu afleiðinga slysa og hefur mikil áhrif á einstaklinginn og fjölskyldu hans. Margir þurfa að læra að lifa lífinu að nýju við gerólíkar aðstæður, oft lamaðir og háðir hjólastól eða með verulega skerta færni ævilangt.

### Helstu orsakir mænuskaða hér

Umferðarslys eru algengasta orsök mænuskaða. Flest þeirra hafa átt sér stað í bílveltum úti á þjóðvegum landsins, oft í beygjum eða lausamöl. Í langflestum tilfellum hefur hinn slasaði ekki notað bílbelti og stundum hefur verið um of hraðan akstur að ræða miðað við aðstæður.

Notkun vélhjóla hefur aukist til muna á undanförnum árum. Mikill hraði er oft samfara vélhjólanotkun og þá þarf lítið að bregða út af til að alvarlegt slys verði.

Fall er næst algengasta orsök mænuskaða hér á landi og getur verið um að ræða fall úr mikilli hæð allt niður í fall á jafnsléttu. Slík slys geta hent hvern sem er.

Frístundaslys eru u.þ.b. 20% af öllum mænuskaðaslysum og eru hestaslys algengust þeirra. Áhugi á hestamennsku fer sívaxandi og fjöldi þeirra sem hefur fengið mænuskaða í hestaslysi hefur einnig aukist.

Samkvæmt gögnum frá WHO, alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, eru dýfingaslys algengasta frístundaslysið í heiminum sem veldur mænuskaða. Flest þessara slysa verða á sumrin þegar fólk stingur sér í ár, grunn stöðuvötn eða í sjó. Hér á Íslandi hafa mænuskaðaslys vegna dýfinga verið fátíð en þau hafa öll átt sér stað í grunnum sundlaugum. Strangar öryggisreglur eru á opinberum sundstöðum landsins um dýfingar. Einkasundlaugar eru oftast grunnar og ekki hannaðar til dýfinga. Reglur um dýfingar í tengslum við þær eru sjaldséðar.

Um leið og sumrar sjáum við fréttir með flottum myndum af fólki að leika sér í góða veðrinu að stökkva fram af klettum út í ár, stöðuvötn og sjó, eins og sjá mátti á forsíðu Fréttablaðsins þriðjudaginn 24.júní. Þetta sport verður sívinsælla og heyrst hefur að á samskiptamiðlunum sé unga fólkið að mana hvert annað til að stökkva út í sjó og vötn.

### Forðumst mænuskaða

Við getum minnkað áhættuna á alvarlegum slysum með nokkrum einföldum ráðum:

- Notaðu alltaf bílbelti í umferðinni – líka í aftursætinu
- Aktu miðað við aðstæður – gættu að hraðanum og lausamölinni
- Fylgdu öryggisreglum í byggingavinnu
- Sýndu aðgát í bröttum hlíðum, skriðum og klettum
- Fylgdu öryggisreglum, sýndu aðgát og tillitssemi í hestamennsku
- Gættu að dýpi vatns og athugaðu botn þess áður en þú stingur þér
- Aldrei stinga þér í grunna sundlaug, stöðuvatn, á eða í sjó

Kæru landsmenn, förum eftir þessum einföldu ráðum, njótum sumarsins og komum heil heim.

# Þyngri refsingar fyrir kynferðisbrot

DÓMSMÁL



**Svala Ísfeld Ólafsdóttir**
dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Dómur Hæstaréttar frá 12. júní yfir 34 ára karlmanni hefur vakið athygli þar sem fágætt er að maður sé dæmdur í 10 ára fangelsi fyrir að brjóta gegn barni. Það hefur gerst tvisvar áður, árið 1961 og 1983.

Málavextir voru þeir að maður, sem hafði verið í langvarandi fíkniefnaneyslu, ók upp að 10 ára telpu á leið heim úr skóla. Hann fór út úr bílnum og réðst fyrirvaralaust á hana. Þegar hún hrópaði á hjálp tók hann fyrir munn hennar, ýtti henni inn í bifreiðina, lét hana leggjast á gólfið og huldi hana fötum. Hann ók með hana á afvikinn stað og hélt henni fanginni. Hann villti á sér heimildir og sagðist vera lögreglumaður sem hefði það verkefni að líkja eftir alvöru barnsráni til að sýna fram á að það væri ekkert hættulegt að taka börn upp í bifreið. Hann beitti hana grófu kynferðislegu ofbeldi og tók hreyfimynd og ljósmyndir af verknaðinum á símann sinn. Maðurinn var sakfelldur fyrir að nema barnið á brott, svipta það frelsi og brjóta gegn kynfrelsi þess. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brotið hafði verið þaulskipulagt og lýsti styrkum og einbeittum brotavilja. Það hafi beinst að varnarlausu barni, sem átti sér einskis ills von og að maðurinn hafi svipt telpuna frelsi í rúmar tvær klukkustundir. Þá hafi hann reynt að leyna brotunum eftir verknaðinn með því að afmá verksummerki. Þá var litið til þess að afleiðingar brotanna hafi reynst telpunni þungbærar og hafi haft mikil áhrif á líf hennar. Hæstiréttur dæmdi manninn í 10 ára fangelsi, en héraðsdómur hafði dæmt hann í 7 ára fangelsi.

### Tvisvar áður 10 ára dómar

Tvisvar áður hefur maður verið dæmdur til 10 ára fangelsisvistar fyrir að ráðast á barn og beita það kynferðisofbeldi. Fyrra brotið var framið árið 1961 og hið síðara 1983. Í fyrra málinu réðst ölvaður karlmaður á 12 ára telpu á barnaleikvelli að kvöldlagi. Telpan var á heimleið eftir að hafa verið með vinkonum sínum og stytti sér leið yfir leikvöllinn. Maðurinn, sem var þrítugur, nauðgaði telpunni eftir að hafa skorið utan af henni fötin með hnífi. Hann beitti grófu ofbeldi við verknaðinn, m.a. sló hann höfði telpunnar við steinvegg svo hún missti meðvitund. Í seinna málinu var tæplega þrítugur karlmaður sakfelldur fyrir að misþyrma á hrottafenginn hátt 15 ára stúlku sem hann reyndi að nauðga. Stúlkan þekkti manninn ekki. Hann barði hana ítrekað í höfuðið með grjóti og beitti hættulegu verkfæri á viðkvæma líkamshluta hennar.

Þessi þrjú mál eiga það sameiginlegt að brotamennirnir eru með öllu ókunnugir fórnarlambinu og beita sérlega meiðandi aðferðum. Í eldri málunum voru stúlkurnar beittar hrottafengnu ofbeldi og í því nýja var stúlkan numin á brott og haldið fanginni í bifreið mannsins. Það er ólíkt með málunum þremur að samkvæmt eldri dómunum voru hinir refsiverðu verknaðir ekki skipulagðir fyrirfram meðan sakborningur í hinu nýja máli leitar vísvitandi uppi fórnarlamb. Brot hans var þaulskipulagt og í dóminum kemur fram að maðurinn hafi verið búinn að hlaða niður í farsíma sinn stundatöflum nokkurra grunnskóla og æfingatöflum íþróttafélags, auk þess sem miðar með nöfnum og símanúmerum þriggja ungra stúlkna fundust í bíl hans.

Á undanförnum árum hefur orðið áþreifanleg breyting á viðhorfum til kynferðisbrota gegn börnum. Ástæðan er án efa aukin þekking á skaðlegum afleiðingum brotanna. Þetta hefur leitt til breytinga í löggjöf og jafnframt hafa dómar í þessum málaflokki þyngst. Frá árinu 2009 hefur Hæstiréttur í þrígang dæmt sakborning í 8 ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn barni og eru það þyngstu dómarnir sem kveðnir hafa verið upp í málaflokknum að þeim þremur frátöldum sem hér hafa verið gerðir að umfjöllunarefni. Í þeim málum þekktu börnin gerendurna, sem brutu á þeim í skjóli tengsla og trausts. Brotin voru margendurtekin og stóðu yfir í langan tíma.

**➜ Á undanförnum árum hefur orðið áþreifanleg breyting á viðhorfum til kynferðisbrota gegn börnum. Ástæðan er án efa aukin þekking á skaðlegum áhrifum brotanna.**

### Fæst brot framin af ókunnugum

Fréttir af dómum sem þessum valda ótta í samfélaginu. Ótta við hinn hættulega og óþekkta geranda. Staðreyndin er þó sú að flest brot gagnvart börnum sem koma fyrir dómstóla eru framin af þeim sem börnin þekkja og eru tilvik þar sem ókunnugir eiga í hlut fátíð.

Settar hafa verið fram ýmsar kenningar um markmið og eðli refsinga. Í sinni fumstæðustu mynd snúast þær um hefnd, að gjalda líku líkt. Aðrir leggja áherslu á fælingarmátt refsinga, bæði gagnvart sakborningi svo hann endurtaki ekki brot sitt og eins gagnvart öðrum og komi í veg fyrir að slík brot verði framin. Enn aðrir líta svo á að markmiðið eigi að vera betrun brotamannsins. Líklega eru hugmyndir okkar flestra blanda af þessu öllu. Þess væri í öllu falli óskandi að þyngri refsingar fækkuðu þessum brotum.

# Fiskistofumálið – mistök eða leiðrétting?

STJÓRNSÝSLA



**Pétur Bjarnason**
sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum í Tromsö

Fiskistofumálið og ýmislegt sem hefur verið fleygt fram í því samhengi hefur vakið athygli mína. Í áratugi hefur heyrst af því að stefna allra stjórnmálaflokka hafi í orði verið á þá lund að gæta beri að jafnvægi í byggð landsins og byggja upp störf utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta á ekki síst við um opinber störf, sem þegar eru um fjórðungur allra starfa í landinu og það hlutfall mun hækka, ef þróunin verður eins og í velferðarlöndum í kringum okkur. Ríkið verður því að reka þá starfsemi, sem er á þess vegum víðar en á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna væntanlega hafa allir stjórnmálaflokkar haft þetta á stefnuskrá sinni um áratugaskeið.

En af hverju aðeins í orði en ekki á borði? Það hefur nefnilega komið í ljós í þessari umfjöllun um flutning Fiskistofu að opinberum störfum úti á landi hefur á undanförnum árum fækkað á meðan störfum á vegum ríkisins fjölgar og þar með hefur opinberum störfum á landsbyggðinni fækkað hlutfallslega enn meira. Spurningin er því hverju sé um að kenna að opinber störf dreifast svona ójafnt á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins, þrátt fyrir þessa stefnu stjórnmálaflokkanna. Stefnu sem oftar en ekki kemst í stjórnarsáttmála, sem flaggað er á tyllidögum. Er það vegna ístöðuleysis stjórnmálamanna? Jú, vissulega höfum við oft orðið vitni að því að stjórnmálamenn fylgja ekki þessum stefnumálum flokka sinna þegar reynir á. (Það á reyndar við um fleiri mál!)

### Gífurleg mótstaða

En við höfum líka alltaf þurft að horfa á gífurlega mótstöðu embættismanna, þegar flutningur er nefndur á nafn. Og miðað við hve illa hefur gengið að fá opinber störf út á land og hve drjúgan þátt embættismenn hafa átt í að sú stefna hefur í reynd breyst í andhverfu sína, má álykta að embættismenn hafi haft mjög einbeittan brotavilja þegar reynt er að fylgja stefnu og ákvörðunum stjórnvalda í þessum efnum.

Þegar Fiskistofa var stofnuð hafði tiltölulega nýlega verið samþykkt þingsályktun á Alþingi um að miðstöð stjórnsýslu og menntunar í sjávarútvegi skyldi staðsett á Akureyri. Það hefði því verið eðlilegt að Fiskistofa hefði verið staðsett á Akureyri. Það má í raun segja að það hafi verið mistök í upphafi að stofna hana í Reykjavík. Og í ákveðnum skilningi má segja að með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að flytja Fiskistofu til Akureyrar sé verið að leiðrétta mistök frá fyrri árum. Mér finnst það bara gott mál en ég eins og aðrir legg þó áherslu á að það komi einstaklingum sem hjá Fiskistofu starfa og fjölskyldum þeirra ekki illa. Hjá því mætti auðveldlega komast með því að gefa sér góðan tíma í flutninginn, þannig að hann haldist í hendur við þá starfsmannaveltu, sem hvort eð er verður hjá stofnuninni.

# Heiður þeim sem heiður ber?

UTANRÍKISMÁL



**Eiður Svanberg Guðnason**
fyrrverandi stjórnmálamaður

Alltaf er það gott þegar fólk er heiðrað að verðleikum fyrir vel unnin störf og afrek á lífsleiðinni.

Snemma í maí var frá því greint í Morgunblaðinu (02.05.2014) að American Scandinavian Foundation, sem eru eins og blaðið segir „aðalsamtök fólks af norrænum uppruna í Bandaríkjunum" hefðu heiðrað Ólaf Ragnar Grímsson fyrir framlag hans til samvinnu Íslands við Bandaríkin. Þetta var auðvitað tímabært og mátti sannarlega ekki dragast öllu lengur.

Ólafur Ragnar Grímsson átti að baki langan feril í stjórnmálum á Íslandi, þegar hann af einstakri fórnfýsi bauðst til að verða forseti lýðveldisins. Það þáði þjóðin. Með þökkum að því er virtist.

Það var eitt öðru fremur, sem setti mark á stjórnmálaferil Ólafs Ragnars Grímssonar. Það var að gera allt sem í hans valdi stóð til að spilla og skaða samvinnu og samskipti Íslands og Bandaríkjanna.

Ólafur Ragnar Grímsson var í öllu sínu pólitíska starfi andvígur varnarsamstarfinu við Bandaríkin og vestrænar þjóðir og aðildinni að Nató sem í áratugi hefur verið einn af hornsteinum utanríkisstefnu íslenska lýðveldisins. Hann barðist gegn þessu með kjafti og klóm. Það gerði hann hvar sem var og hvenær sem var og taldi ekkert eftir sér í þeim efnum.

Ólafur Ragnar Grímsson vann markvisst að því að koma því inn hjá þjóðinni, og naut þar aðstoðar fjölmiðla, eins og Ríkisútvarpsins, að Bandaríkjamenn geymdu kjarnorkuvopn á Íslandi og héldu því leyndu fyrir íslenskum ráðamönnum. Fullyrðingar hans reyndust rangar. Erlendur maður, William Arkin, sem hafði látið að þessu liggja kom hingað til þess að biðjast afsökunar á ummælum sínum. Ekki rekur mig minni til þess að Ólafur Ragnar Grímsson hafi dregið í land með þessi ummæli sín um kjarnorkuvopn Bandaríkjamanna á Íslandi. Eða beðið nokkurn mann afsökunar.

Ólafur Ragnar Grímsson barðist gegn byggingu nýrrar flugstöðvar við Keflavíkurflugvöll vegna þess að hann leit á flugstöðina sem einhverskonar hernaðarmannvirki í þágu Bandaríkjanna. Illu heillu tókst honum að fá flugstöðina minnkaða frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson vildi leggja Ameríkuflug Flugleiða niður. Steingrímur Hermannsson, þá samgönguráðherra, kom í veg fyrir að þau áform hans næðu fram að ganga. Þessa sögu kunna þeir vel, sem störfuðu að flugmálum á þeim tíma.

### Einstæð uppákoma

Upplifðu heilbrigðari og fallegri húð í fjórum skrefum með Visible Difference línunni frá Elizabeth Arden. Sjáanlegur munur á aðeins sex dögum*.

VISIBLE DIFFERENCE
Hámarks ljóma Serum.

Bættu serumi við daglega rútínu þína og finndu muninn.




*Based on US in-home use consumer test of Visible Difference Optimizing Skin Serum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1815** Hið íslenska Biblíufélag er stofnað með einkarétt til útgáfu Biblíunnar á Íslandi.

**1937** Danskur maður fellur um 70 metra niður í gljúfrið við Dettifoss og lifir fallið af.



**1951** Íslendingar sigra í norrænni sundkeppni með miklum yfirburðum. Fjórði hver landsmaður syndir 200 metra á tímabilinu frá 20. maí til 10. júlí.

**1973** Bahamaeyjar fá sjálfstæði frá Bretlandi.

**1980** Greiðslukortaviðskipti hefjast á Íslandi er Kreditkort hf. gefa út Eurocard-greiðslukortin.

**1980** Fimmta hrina Kröfluelda hefst og er sú mesta sem komið hefur.

**2009 Hótel Valhöll á Þingvöllum brennur til kaldra kola.**

**2011** 128 manns drukkna í ánni Volgu skammt frá Kazan í Rússlandi þegar skemmtiferðaskip sekkur.

**ÞETTA GERÐIST:** 10. JÚNÍ 1970

## Forsætisráðherra lést í eldsvoða

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Sigríður Björnsdóttir, kona hans ,og fjögurra ára dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmundarson, fórust þegar ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann til kaldra kola.

Fréttin um þetta hörmulega slys kom sem reiðarslag yfir íslensku þjóðina. Var það ætlun forsætisráðherrahjónanna að dveljast einungis þá nótt í ráðherrabústaðnum, en halda síðan vestur á Snæfellsnes þar sem ráðgert var að forsætisráðherra héldi ræðu á héraðsmóti. Óvíst er um eldsupptökin en svo virðist sem eldurinn hafi magnast á mjög skömmum tíma.

Það voru hollenskir ferðamenn sem fyrstir urðu brunans varir en þegar að var komið og reynt að opna húsið var engu líkara en sprenging yrði, svo þrungið var loftið af eldi og reyk. Þegar ljóst var að eldur logaði í bústaðnum hljóp einn Hollendinganna til Valhallar sem stóð við hliðina á bústaðnum. Jón Eiríksson, sonur þjóðgarðsvarðar, var að störfum og hringdi strax í slökkviliðið í Reykjavík en þegar það var mætt á staðinn var bústaðurinn brunninn til kaldra kola. Hið átakanlega slys olli djúpri hryggð og voru fánar í hálfa stöng um land allt og flestum samkomustöðum lokað daginn sem eldsvoðinn varð.



**ÁTAKANLEGT SLYS** Eldsvoðinn olli djúpri hryggð á meðal íslensku þjóðarinnar.



**FRÆÐSLA OG SKEMMTUN** Björn Unnar hefur leitt nokkrar ljóðagöngur og alltaf tekist vel til.

# Plokka ljóð úr beðum

**Björn Unnar Valsson leiðir ljóðagöngu um miðborgina ásamt Einari Birni Magnússyni en þeir félagar ætla að lesa úr miðbæjarljóðum á völdum stöðum.**

„Við tökum dálítið þröngan hring um miðbæinn og stoppum hér og þar til þess að lesa ljóðin,“ segir Björn Unnar Valsson, en hann leiðir ljóðagöngu um slóðir hversdagsleikans í miðborginni ásamt Einari Birni Magnússyni í kvöld. „Við ætlum að lesa úr ljóðum sem fjalla um einhvern veginn hversdagslegt líf og það sem það þýðir að vera til staðar í borginni,“ segir Björn Unnar en gangan er liður í kvöldgöngum menningarstofnana borgarinnar, þar sem hið nýstofnaða Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur standa fyrir skemmtun og fróðleik með léttri hreyfingu alla fimmtudaga. Yfirskrift göngunnar er Lífið gengur sinn gang, sem er tilvísun í ljóðið Miðvikudagur eftir Stein Steinar og byggir gangan á Ljóðakorti Reykjavíkur sem starfsfólk Borgarbókasafns setti á laggirnar síðastliðið haust.

„Í nánast öllum ljóðunum sem við lesum þá er verið að fjalla um eða vísað í staðina þar sem við stoppum,“ segir Björn Unnar. „Þetta tengist mjög mikið svæðinu og við erum að sýna hvaðan ljóðin eru sprottin.“

Á kortinu, sem má finna á heimasíðu Borgarbókasafnsins, er stærstu þyrpingu ljóða að finna á milli Garðastrætis og Frakkastígs og þar af leiðandi úr flestu að velja. Í göngunni, sem leggur upp frá Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, klukkan 20.00 verður þemað eins og áður segir hversdagsleikinn, þar sem miðbæjarljóð um daglegt líf verða plokkuð upp úr beðum og bílastæðum.

baldvin@frettabladid.is

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓNÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Tjörn,**
**áður Brekkugötu 24, Þingeyri,**

andaðist miðvikudaginn 2. júlí. Útför hennar fer fram frá Þingeyrarkirkju í Dýrafirði laugardaginn 12. júlí kl. 14.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Tjarnar.

**Páll Björnsson**
**Jóhanna Ström**
**Júlíus Bjarnason**
**Kolbrún Björnsdóttir**
**Bjarni Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

**STEINAR ÞÓR GUÐJÓNSSON**

lést aðfaranótt mánudagsins 7. júlí og verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 14. júlí kl. 15.00.

**María Jolanta Polanska**
**María Magdalena Steinarsdóttir**
**Hjörleifur Björnsson**
**Sandra M. Steinarsdóttir Polanska**
**Kjartan Guðjónsson**
**Árna Steinunn Rögnvaldsdóttir**
**Hilmar Guðjónsson**
**Agnes Henningsdóttir**
**Marta Guðjónsdóttir**
**Kjartan G. Kjartansson**
**Raggý Björg Guðjónsdóttir**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og dóttir,

**HREFNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Eskihlíð 8,**
**Sauðárkróki,**

lést laugardaginn 5. júlí.
Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 16. júlí kl. 15.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Einar Einarsson**
**Lind Einarsdóttir**
**Guðmundur Ingvi Einarsson**
**Arndís María Einarsdóttir**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tendamóður, ömmu og langömmu,

**VALDÍSAR ÁRMANNSDÓTTUR**
**frá Siglufirði,**
**Æsufelli 6, Reykjavík.**

**Guðmundur Kristinn Jónsson**
**Halldóra Pétursdóttir**
**Sigurður Jónsson**
**Elísabet Þorvaldsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**TÓMAS VILHELM KRISTINSSON**

lést mánudaginn 30. júní síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 11. júlí kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Hulda Hanna Jóhannsdóttir**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVANHILDUR ÞÓRISDÓTTIR**
**frá Hólkoti, Reykjadal,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð 7. júlí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 15. júlí kl. 10.30. Jarðsett verður á Einarsstöðum í Reykjadal.

**Albert Valdimarsson**
**Guðrún Albertsdóttir**
**Eva Ásrún Albertsdóttir**
**Valdís Albertsdóttir**
**Dóra Þórdís Albertsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**BJARGAR H. RANDVERSDÓTTUR**
**Sléttuvegi 23, Reykjavík.**

**Randver Þorláksson**
**Guðrún Þórðardóttir**
**Sigríður Þorláksdóttir**
**Ingvar Georgsson**
**Margrét Þóra Þorláksdóttir**
**Árni Jörgensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**GUÐRÚN BJARNADÓTTIR**
**áður til heimilis að Kleifarvegi 3,**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 11. júlí klukkan 15.00.

**María Hauksdóttir**
**Haukur Jóhannsson**
**Helga Hauksdóttir**
**Kristján Jónsson**
**Sólveig Hauksdóttir**
**Haraldur Blöndal**
**Unnur Hauksdóttir**
**Ólafur Morthens**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**BÁRU KJARTANSDÓTTUR**
**Norðurbakka 5a,**
**Hafnarfirði,**

sem lést föstudaginn 27. júní. Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Guðni Adolfsson**
**Pálmar Ingi Guðnason**
**Kristjana Jenný Ingvarsdóttir**
**Gunnar Bjarki Guðnason**
**Rúna Gunnarsdóttir**
**Kristinn Geir Guðnason**
**Eva Björg Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

# LG HM TILBOÐ
## Á SJÓNVÖRPUM




LG

### ÓTRÚLEG SKERPA OG GÆÐI

50" Full HD Plasma sjónvarp 1920x1080p upplausn. 600Hz Sub Field Drive. Triple XD Engine. Picture Wizard II. Superb Contrast. 2.000.000:1. Real Cinema 24p. Digital móttakari DVB-T2. Progressive Scan. 20w Nicam Stereó, Virtual Surround. USB tengi fyrir afspilun á DivX HD, JPEG, MP3, WMA. Scart, 2x HDMI, Component tengi, CI rauf, CVBS, Optical tengi o.fl.

**600Hz MAX**
Með 600 riðum tryggir þetta LG sjónvarp þér skýra og góða mynd, jafnvel þegar verið er að horfa á hraðar myndir eins og fótbolta eða spila tölvuleiki.

**Triple XD Engine**
Öflugur Triple XD mynd-vinnslubúnaður nær fram ótrúlegum gæðum í litum og skerpu 3.000.000:1.

**Protective Glass**
Tækið er með gler framan á skjánum sem verndar tækið og dregur úr líkum á að tækið skemmist.

**LG-50PN650T**

**129.990**

FULLT VERÐ 149.990

TRIPLE XD ENGINE — 600Hz Sub Field Driving — Protective Glass

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



KL. 20:05

**Grillsumarið mikla**

Vönduð íslensk þáttaröð þar sem töfrað verður fram ljúffengja og fjölbreytta grillrétti fyrir áhorfendur.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

KL. 21:55

**Those Who Kill**

Spennuþáttaröð sem byggð er á dönsku þáttaröðinni Den som dræber.



KL. 22:40

**Louie**

Gamanþættir um fráskildan og einstæðan föður sem baslar við að ala dætur sínar upp í New York.




KL. 22:00

**Hitchcock**

Stórmynd með Anthony Hopkins, Helen Mirren og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum.



KL. 20:10

**Two And A Half Men**

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 19:50

**Wilfred**

Bandarísk gamanþáttaröð með Elijah Wood í aðalhlutverki sem fer að sjá hund nágrannans sem mann í hundabúningi.




Fáðu þér áskrift! 365.IS




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 1 | | 3 | 7 | 2 | 4 |
| | | | 8 | | | | | 3 |
| | 4 | 5 | 7 | 9 | | 8 | | 6 |
| | | | | | 4 | | | |
| 9 | | | | | | 4 | | 1 |
| 1 | 2 | | | 6 | | 5 | | |
| 2 | 3 | | 4 | | | | 9 | |
| | | | | 8 | | 2 | | 7 |
| | 6 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 4 | | 9 | 5 | 1 | |
| 1 | | 3 | | | | 2 | 6 | 4 |
| | | | | | 3 | | 8 | |
| | | | | 8 | | 4 | | 2 |
| | | | | | 5 | 1 | | |
| | | | 7 | | 6 | | | |
| | 2 | 1 | 8 | | | | 5 | |
| 4 | | | | | 7 | 6 | | |
| 6 | 5 | | | | | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 3 | | 9 | | 2 |
| | 9 | 1 | 5 | | | 8 | 4 | |
| 2 | | | | | | | | 6 |
| | | | 6 | | | | 7 | 1 |
| | | | | | | | | |
| 7 | | 2 | 8 | 4 | 3 | | | 5 |
| | | 5 | | | 2 | 4 | 1 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| | | 8 | | 5 | 4 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 3 | 9 | 7 | 6 | 4 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 | 9 | 3 | 6 |
| 5 | 7 | 9 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 | 3 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 9 | 8 |
| 7 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 6 | 2 | 3 |
| 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 7 | 5 | 1 | 8 | 6 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 6 | 1 | 7 | 3 | 9 | 2 |
| 6 | 3 | 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 9 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 4 | 7 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 | 2 |
| 9 | 4 | 8 | 1 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 6 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 |
| 1 | 2 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 7 | 6 | 3 |
| 6 | 9 | 4 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ**

Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég þarf ekki plast í líkama minn til að gera mig að konu.“**

*Courtney Love*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hamingju, **6.** líka, **8.** flan, **9.** meðvitundarleysi, **11.** í röð, **12.** rót, **14.** ís, **16.** óreiða, **17.** aðstoð, **18.** fiskur, **20.** fyrir hönd, **21.** þó.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hryggð, **3.** óður, **4.** flutningaskip, **5.** suss, **7.** sveppur, **10.** mál, **13.** mas, **15.** sjá eftir, **16.** farvegur, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gæfu, **6.** og, **8.** ras, **9.** rot, **11.** rs, **12.** grams, **14.** klaki, **16.** rú, **17.** lið, **18.** áll, **20.** pr, **21.** samt.

**LÓÐRÉTT: 1.** sorg, **3.** ær, **4.** farskip, **5.** uss, **7.** gorkúla, **10.** tal, **13.** mal, **15.** iðra, **16.** rás, **19.** lm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Svetla Yordanova (2.101) lék 27... Re6-g5? gegn Lenku Ptácníková (2.310) í 3. umferð EM kvenna. Leikurinn lítur vel út en Lenka átti snjallt svar.**

**Hvítur á leik**



**28. cxb6! Rh3+** (28...Rxe4 29. Hc8+ Hd8 30. De5!! vinnur strax) **29. Kf1 Hf5+ 30. Ke2 axb6 31. Hc8+ Hf8 32. De5! Rg1+ 33. Kd1 Df7 34. Hxf8+ Dxf8 35. Rd6** og hvítur vann skömmu síðar. **www.skak.is:** EM kvenna í fullum gangi.


NÝR 4BLS
BÆKLINGUR
SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR SUMARBÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)
KYNNINGARVERÐ
29.900
DRAUMA SPJALDTÖLVA
ÓTRÚLEG NÝ KYNSLÓÐ SPJALDTÖLVA FRÁ ACER MEÐ 7.9" HD IPS SKJÁ, TVÖFALT ÖFLUGRI INTEL DUAL CORE ÖRGJÖRVA, TVEIM MYNDAVÉLUM OG BURSTUÐU ÁLBAKI.;)
FYRSTA SENDING LENT!
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ ;)
AÐEINS 145gr
1TB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Stream USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!
12.900
500GB 8.990 | 2TB 19.900
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
7" IDEATAB
Vönduð og glæsileg Dual Core spjaldtölva með ótrúlegum 7" fjölsnertiskjá og hágæða Dolby Digital Plus hljóðkerfi
12.900
ÓMISSANDI Í SUMARFRÍIÐ:)
KYNNINGAR TILBOÐ
ALGENGT VERÐ 109.900
LG G3 SNJALLSÍMI
Síminn sem brýtur alla múra með ótrúlegum Quad HD 5.5" skjá og ofur öflugum 4ra kjarna örgjörva
99.900
LG G2 69.900 | G3 32GB 114.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

netto
Kræsingar & kostakjör



-40%

GRÍSAHAKK
STJÖRNUGRÍS
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.298,-~~
799,-



-42%

LAMBALÆRI
GOÐI - GRILLSAGAÐ
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.895,-~~
1.099,-



-34%

LAMBARIF
GRILL
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 894,-~~
590,-



NAUTALUNDIR
DANSKAR FROSNAR
KÍLÓVERÐ
3.789,-



KJÚKLINGABRINGUR
900 G
POKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.698,-~~
1.358,-



Tilvalinn á humarpizzuna!

-40%

HUMAR ÁN SKELJAR
1 KG POKI
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 4.998,-~~
2.999,-



ANDABRINGUR
FROSNAR - FRANSKAR
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 3.895,-~~
2.999,-



-30%

SÆTAR KARTÖFLUR
FRÁ BANDARÍKJUNUM
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 375,-~~
263,-



-30%

BÖKUNARKARTÖFLUR
FFRANSKAR
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 198,-~~
139,-



-40%

KALKÚNAGRILLSNEIÐAR
GRILLPOKI
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 2.498,-~~
1.499,-



-30%

JÓGÚRTBRAUÐ 550 G
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 498,-~~
349,-



-45%

PIZZASTYKKI
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 359,-~~
197,-



-35%

TOSKANABRAUÐ 500 G
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 398,-~~
259,-




LÍFRÆNT QUINOA
1,814 KG
VERÐ PER POKA
~~VERÐ ÁÐUR 2.679,-~~
2.197,-

**Tilboðin gilda 10. - 13. júlí 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**JARÐARBER FROSIN**
ALLETIDERS
**POKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 299,-~~

# 199,-




**BLÁBER**
GRATE TASTE
**POKAVERÐ 225 G**
~~VERÐ ÁÐUR 299,-~~

# 199,-



Gasgrill 3ja brennara

# 49.998 kr




**PRINS PÓLÓ XXL**
6 Í PAKKA
**PAKKAVERÐ**

# 499,-




**NATUFRISK**
ENGIFERÖL 250ML
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 259,-~~

# 199,-

Pure safar 1 l
verð frá 296 kr/stk







**COKE/COKE LIGHT**
4X2L
**PAKKAAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.098,-~~

# 998 ,-

Pure safar 250 ml
verð 170 kr/stk

netto 24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ
GRANDA OG MJÓDD
**DAG SEM NÓTT**



FRÁBÆRIR
FJÖLNOTA
POKAR Á
GÓÐU VERÐI

**www.netto.is**

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

## Eldklerkurinn kominn heim

Möguleikhúsið sýnir leiksýninguna Eldklerkinn í minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri í kvöld klukkan 20.30. Verkið er byggt á ævisögu Jóns Steingrímssonar og Eldriti hans og má því með sanni segja að sýningin sé komin á heimaslóðir í Kapellunni.



PÉTUR EGGERZ

# Sprengir ramma málverksins

**Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir opnar sýningu í Týsgallerí í dag. Sum verkin eru smíðuð og önnur máluð á ullarþráð, öll miðast við að áhorfandinn hreyfi sig.**

„Þetta er leikur með línur, liti og form og það hvernig fólk upplifir málverk,“ segir myndlistarkonan Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir um einkasýninguna (Ó)stöðugir hlutir sem hún opnar í dag á Týsgötu 3.

Verkin eru þrívíð og hafa nokkrar hliðar þannig að þau taka breytingum eftir því frá hvaða sjónarhorni horft er á þau. Tvö þeirra eru til dæmis smíðuð í horn sýningarrýmisins.

„Ég er að taka málverkið út úr rammanum. Mála kannski vegginn á bak við og nota ullargarn í stað striga en bil myndast milli þráðanna og hægt er að horfa í gegn. Þau eru bundin ákveðnu rými,“ lýsir listakonan og hlær þegar bent er á að þá sé erfitt að kaupa verkið. „Ekkert er ómögulegt,“ svarar hún. „Ætli það fylgi ekki bara málning og pensill með?“

Sýningin stendur til 3. ágúst og galleríið er opið frá miðvikudegi til sunnudags frá klukkan 13 til 17. **-gun**



**LISTAKONAN** Ingunn Fjóla er búin að koma verkunum fyrir. MYND/ÚR EINKASAFNI






**SKIPTAST Á** Tveir leikarar leika Hamlet til skiptis og sama gildir um önnur hlutverk í sýningunni. MYND/HELENA MISCIOSCIA

# Shakespeare's Globe Theatre sýnir í Hörpu

**Tólf manna leikhópur frá Globe-leikhúsinu í London er á heimsferðalagi með frægasta verk Shakespeares, Hamlet, og verður aðeins þessi eina sýning á Íslandi.**

Leikflokkur Globe-leikhússins í London er á tveggja ára ferðalagi um heiminn með sýningu á Hamlet og ætlunin er að heimsækja hvert einasta land á jarðarkringlunni. Röðin kemur að Íslandi þann 23. júlí og verður Hamlet sýndur einu sinni í Hörpu áður en ferð hópsins heldur áfram.

Lagt var upp í ferðina þann 23. apríl síðastliðinn, þegar 450 ár voru liðin frá fæðingu skáldjöfursins Williams Shakespeare. Leikferðin er sú viðamesta sem farin hefur verið á vegum Shakespeare's Globe og á heimasíðu leikhússins er haft eftir Dominic Dromgoole, öðrum leikstjóra sýningarinnar, að slík ferð eigi sér engin fordæmi í veraldarsögunni. Löndin sem heimsótt hafa verið á þessum þremur mánuðum síðan lagt var af stað eru orðin tuttugu og fimm og héðan fer hópurinn vestur um haf.

Tólf leikarar taka þátt í sýningunni og skiptast á um að leika hlutverkin. Tveir leikarar leika Hamlet til skiptis og sömu sögu er að segja af öðrum hlutverkum. Sýningin er byggð á tveimur uppfærslum leikhússins á Hamlet þannig að leikstjórarnir eru tveir, Dominic Dromgoole og Bill Buckhurst, leikmyndin er eftir Jonathan Fensom og Bill Barclay og Laura Forrest-Hay semja tónlistina.

Sýningar Globe eru upplagðar fyrir ferðalög þar sem unnið er með það fyrir augum að hafa sýningarnar í anda þess sem leikhópur Shakespeare's sjálfs er talinn hafa gert; einföld leikmynd, stórkostlegir búningar og mikil áhersla á leik og tónlist.

Um ástæðu ferðalagsins segir leikstjórinn Dominic Dromgoole, sem jafnframt er listrænn stjórnandi Globe-leikhússins, á heimasíðu Globe: „Ferðalög og löngunin til að miðla sögum til nýrra áhorfenda voru alltaf stór hluti af verkum Shakespeares. Við erum alsæl yfir að geta viðhaldið þeirri hefð og þróað hana enn lengra.“

Sýningin í Hörpu verður í Eldborgarsalnum þann 23. júlí klukkan 19.30 og er miðasalan hafin á heimasíðu Hörpu. Hægt er að fylgjast með ferðalagi leikhópsins á heimasíðu Globe, shakespearesglobe.com. **fridrikab@frettabladid.is**

# Franskt barokk í Skálholti

**Fernir tónleikar verða á Sumartónleikum í Skálholti þessa vikuna. Þema þeirra allra er frönsk barokktónlist. Nordic Affect hefur leikinn á tónleikum í kvöld.**

Þessa vikuna verður frönsk barokkveisla á Sumartónleikum í Skálholti í boði Nordic Affect. Tónleikar þeirra eru í kvöld klukkan 20 og verða síðan endurteknir á laugardaginn, 12. júlí, klukkan 17.

Um helgina má einnig heyra verk eftir danska tónskáldið Hanne Tofte Jespersen, sem er samstarfsverkefni hennar við Kammerkór Suðurlands, tónlistarhópinn Music for the Mysteries og Maríu Ellingsen leikkonu. Verkið byggist á gamalli keltneskri sögu um engilinn Melangell og verður flutt á laugardaginn klukkan 15 og sunnudaginn klukkan 15. Á undan tónleikunum á laugardaginn, klukkan 14, mun Hanne Tofte Jespersen fjalla um tónsmíðina og kynna fyrir tónleikagestum. **- fsb**



**NORDIC AFFECT** Veislan hefst með tónleikum Nordic Affect í kvöld.


**GÓÐ SAMAN** Tvíeykið hefur komið fram saman nokkrum sinnum áður.

# Samtvinningur af því skásta

**Leikararnir góðkunnu Þorsteinn Guðmundsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir halda skemmtikvöld saman í sumar þar sem þau fara um víðan völl grínsins.**

„Okkur langaði bara svolítið til þess að gera eitthvað skemmtilegt saman,“ segir leikarinn góðkunni Þorsteinn Guðmundsson en hann heldur skemmtikvöld í sumar ásamt Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og er fyrsta skemmtikvöldið í kvöld í Bæjarbíói í Hafnarfirði. „Þetta er svona samtvinningur af því sem okkur finnst vera skást í okkar fari,“ segir Þorsteinn og hlær en skemmtikvöldin verða með gamaldags sniði. „Við verðum með uppistand, smásögur, leikþætti, tónlist og síðan skellt í bingó inn á milli,“ segir Þorsteinn en um leið og fólk kaupir sig inn fær það bingóspjald í kaupbæti og þar með möguleika á vinningi. Þorsteinn segir hugmyndina að skemmtikvöldunum hafa kviknað þegar tvíeykið kom tvívegis fram á tónleikum í fyrra þar sem þau hituðu upp fyrir Hund í óskilum og héldum síðan tónleika í Stúdentakjallaranum. „Við höfum bæði samið mörg ljóð og vísur og svo datt okkur í hug að gera eitthvað skemmtilegt í sumar og bæta þá fleiri skemmtilegheitum við,“ segir Þorsteinn en fyrsta skemmtikvöldið fer fram í kvöld í Bæjarbíói klukkan 20.30 og er miðaverð 2.500 krónur. Miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

baldvin@frettabladid.is

FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 10. JÚLÍ 2014**

### Tónleikar

**12.00** Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Steingrímur Þórhallsson organisti Neskirkju koma fram á hádegistónleikum Orgelsumarsins í Hallgrímskirkju.

**12.00** Tónlistarmennirnir Skúli Jónsson og Einar Lövdahl koma fram á Kaffi Rauðka á Siglufirði. Frítt er inn á tónleikana og verða geisladiskar til sölu.

**20.00** Nýbylgjan – Kammerhópurinn Nordic Affect á Sumartónleikum í Skálholti.

**20.00** Hljómsveitin Bellstop kemur fram á Hlemmur Square. Hjónin Elín og Rúnar fara fyrir sveitinni Bellstop en þau hafa spilað saman svo árum skiptir. Aðgangseyrir er enginn.

**20.00** Þrjár tónlistarkonur koma fram á Café Haiti. Þær flytja frumsamið efni með eigin undirleik og styðjast við raddanir hjá hver annarri. Þær sem koma fram eru Unnur Sara, Silja Rós og Rebekka Sif. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Sumartónleikaröð Flórunnar heldur áfram. Að þessu sinni eru það Skúli Mennski og Svavar Knútur sem koma fram í Café Flóru, Grasagarðinum í Laugardal.

**21.00** Íslenska rappsveitin Úlfur Úlfur kemur fram á Loft Hostel. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Opnanir

**17.00** Útgáfuhóf vefrits SÍM og á opnun einkasýningar Katrínar Ingu Jónsdóttur Hjördísardóttur Hirt í SÍM-salnum. Fréttabréf SÍM hefur verið uppfært í vefrit og efnt var til samkeppni um nafn á blaðinu og tillagan sem varð að lokum fyrir valinu kom frá Steingrími Eyfjörð en það er nafnið Stara.

**18.00** Createvisual.net er ný vefsíða um íslenska jaðarmenningu sem opnar í dag og er opnunarhóf í Noland í Kringlunni. Listamenn sýna verk sín og léttar veitingar eru í boði.

### Fræðsla

**20.00** Sigríður Björk Jónsdóttir byggingarlistfræðingur leiðir göngu um miðbæ Hafnarfjarðar þar sem friðuð hús verða skoðuð. Gangan hefst í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.

### Sýningar

**14.00** Sýninguna S.I.R.K.U.S. hefur Sirkus Íslands sett saman með yngri börnin í huga en þó ekki á kostnað eldri áhorfenda. Sýningin fer fram í tjaldinu Jökla á Klambratúni og er miðaverð 2.500 krónur.

**17.00** Heima er best er stóra fjölskyldusýning Sirkus Íslands. Sýningin fer fram í tjaldinu Jökla á Klambratúni og er miðaverð 3.000 krónur.

**19.00** Fenris er samvinnuverkefni ungs áhugafólks og fagfólks í sviðslistum frá sex Norðurlöndum. Sýningin er sett upp í Hofi á Akureyri og er miðaverð 2.000 krónur.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*





## AFMÆLISBARN DAGSINS

**Leikkonan Sofia Vergara er 42 ára í dag**

Hún er hvað þekktust fyrir að leika Gloriu Delgado-Pritchett í sjónvarpsþáttunum Modern Family.

## FRUMSÝNING



**Earth to Echo,** fjölskyldumynd

**Aðalhlutverk:** Teo Halm, Astro, Reese Hartwig, Ella Wahlestedt, Jason Gray-Stanford og Alga Smith

IMDb 5,9/10

52/100

Rotten Tomatoes 49/100

## FRUMSÝNING



**Tarzan,** teiknimynd

**Íslensk talsetning:** Álfrún Örnólfsdóttir, Ævar Þór Benediktsson, Guðmundur Ólafsson, Orri Huginn Ágústsson, Kolbeinn Arnbjörnsson, Víðir Guðmundsson og fleiri

IMDb 4,7/10

Rotten Tomatoes 20/100

## SEX LISTRÆNAR MYNDIR

Bíó Paradís sýnir sex listrænar kvikmyndir í samvinnu við EYE ON FILMS-verkefnið, alþjóðlegt tengslanet sem leitast við að tryggja dreifingu fyrstu mynda í fullri lengd eftir áhugaverða leikstjóra. Myndirnar sex verða teknar til sýninga frá 11. júlí og sýndar til 31. ágúst. Myndirnar sem um ræðir eru Only in New York, The Gambler, Clip, Man Vs Trash, Before You Know It og Supernova.



## LEIKUR LEIGUMORÐINGJA

Hasarhetjan Sylvester Stallone hefur landað hlutverki í kvikmyndinni Scarpa sem Brad Furman leikstýrir. Sylvester leikur leigumorðingjann Gregory Scarpa í myndinni en hann var mafíósi í Colombo-fjölskyldunni og uppljóstrari alríkislögreglunnar. Hann játaði á sig þrjú morð árið 1993 og lést úr eyðni í fangelsi árið 1994. Brad Furman er þekktastur fyrir að leikstýra The Lincoln Lawyer og Runner Runner.





**YNDISLEGIR** Channing og Jonah eru hreint út sagt frábærir.

## Eitt besta gríndúó sögunnar

KVIKMYND ★★★★☆

**22 Jump Street**

Leikstjóri: Phil Lord og Christopher Miller

Ég var yfir mig hrifin af 21 Jump Street á sínum tíma og því bar ég miklar væntingar til framhaldsmyndarinnar.

Það besta við 22 Jump Street er að aðstandendur hennar eru ólmir í að láta áhorfendur vita að um framhaldsmynd sé að ræða. Því detta þeir ekki í þá gryfju að reyna að toppa fyrri myndina heldur gera allt „nákvæmlega eins“ eins og sagt er margoft í myndinni.

Channing Tatum og Jonah Hill snúa aftur í sín hlutverk og eru þeir búnir að skipa sér á lista yfir bestu gríndúó sögunnar. Þeim fer grínleikur svo listilega vel úr hendi að það er ekki annað hægt en að emja úr hlátri.

Það kemur lítið á óvart í myndinni – nema sú risastóra staðreynd að hún er alveg jafn góð, jafnvel betri en fyrri myndin. **Lilja Katrín Gunnarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Óheyrilega fyndin mynd sem dettur ekki í framhaldsmyndagryfjuna.

# Fjölskylduverkefni sem floppar

Kvikmyndin Tammy var frumsýnd á Íslandi í gær. Aðalhlutverkið er í höndum leikkonunnar Melissu McCarthy en eiginmaður hennar, Ben Falcone, sest í fyrsta sinn í leikstjórastólinn. Þau skrifuðu handritið saman.

Grínmyndin Tammy var frumsýnd á Íslandi í gær en hún fjallar um Tammy sem missir vinnuna og kemst að því að eiginmaður hennar hefur haldið framhjá henni. Hún ákveður að gera eitthvað nýtt og býður ömmu sinni, Pearl, í bíltúr en amman er illa haldin af alkóhólisma. Þegar Tammy ákveður síðan að ræna skyndibitastað eru góð ráð dýr og stöllurnar lenda í ýmsum ævintýrum.

Leikkonan Melissa McCarthy leikur Tammy en hún náði að slá í gegn í Hollywood í kvikmyndinni Bridesmaids frá árinu 2011. Hún stal senunni og kvikmyndir eins og The Identity Thief og The Heat fylgdu í kjölfarið og er Melissa ókrýnd gríndrottning Hollywood.

Tammy er hins vegar persónulegasta verkefni hennar til þessa þar sem hún skrifaði handritið ásamt eiginmanni sínum, leikaranum Ben Falcone. Ben leikstýrir myndinni en þetta er frumraun hans í leikstjórn. Í viðtali við Fast Company segir Ben að hann vilji sýna nýja hlið á Melissu.

„Ég vil auðvitað að myndin gangi vel af milljónum ástæðna. En þetta er frábært tækifæri fyrir Melissu að leika allt þetta og sýna aðra hlið á sjálfri sér,“ segir hann. Þau hjónin vilja semja grín um venjulegt fólk í skringilegum aðstæðum.

„Melissa og ég segjum bæði að við skrifum ekki góðar skrýtlur. En grín snýst um að setja einhvern í aðstæður þar sem hann þarf að berjast fyrir því að ná árangri og horfa á hann annað hvort standa sig vel eða, eins og líklegra er í grínmynd, standa sig illa.“

Myndin hefur hins vegar ekki hlotið lof gagnrýnenda og segir Amy Nelson hjá Guardian Liberty Voice að Melissa hafi sóað hæfileikum sínum við leik í myndinni.

„Melissa McCarthy er ótrúlega hæfileikarík leikkona og grínisti og hefur sýnt hvað hún getur fyrir framan myndavélina í mörgum myndum upp á síðkastið. Því miður hefur Melissa McCarthy sóað hæfileikum sínum í nýju myndinni Tammy og bæði áhorfendur og gagnrýnendur eru sammála um að kvikmyndin sé flopp,“ skrifar hún.

Auk Melissu eru það Susan Sarandon, Dan Aykroyd, Kathy Bates og Toni Collette sem fara með hlutverk í myndinni.

liljakatrin@frettabladid.is




**LENDA Í KLANDRI** Susan Sarandon leikur ömmu Tammy í myndinni.

> **Því miður hefur Melissa McCarthy sóað hæfileikum sínum í nýju myndinni Tammy og bæði áhorfendur og gagnrýnendur eru sammála um að kvikmyndin sé flopp.**
>
> *Amy Nelson*

## GIFT Í NÍU ÁR

Ben og Melissa kynntust í leiklistarhópnum The Groundlings í Los Angeles á sínum yngri árum.

Þau gengu í það heilaga þann 8. október árið 2005.

Þau eiga tvær dætur, Vivian, fædda í maí 2007, og Georgette, fædda í mars 2010.



# 25% afsláttur af ávöxtum í dag!


Rauð epli


Appelsínur


Vínber


Gul epli


Bananar


Perur


Ferskjur


Límónur


Jarðarber


Granatepli


Mangó


Sítrónur


Rauð Vínber


Kíví


Ferskjur


Græn epli

**25%**

afsláttur af ávöxtum í dag!

**nettó**

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# LÍFIÐ

## TREND Á TWITTER SKRÝTLUR UM FÖSTU- OG HELGIMÁNUÐ MÚSLÍMA VINSÆLAR

Kassamerkið #RamadanProblems er geysivinsælt á Twitter en þar gera múslímar, og líka þeir sem aðhyllast ekki íslam, grín að föstu- og helgimánuðinum ramadan sem nú stendur yfir.

**Moon Emoji**
**@TJWidger**
**8. júlí**
Þegar maður borðar ekki nógu mikið kvöldið áður og það er næstum því liðið yfir þig á hádegi. #RamadanProblems

**RapAboutFood**
**@RapAboutFood**
**8. júlí**
Ég verð feitur á kvöldin og kemst í form á daginn lol. #RamadanProblems

**#Ramadan Problems**
**@RamadanProblems**
**4. júlí**
The Food channel er minn stærsti óvinur þennan mánuðinn. #RamadanProblems

**kas**
**@KhawlaaaXo**
**3. júlí**
Ég forðast það að horfa á sjónvarpið á föstunni út af matarauglýsingum. #RamadanProblems

**Hussain Sheikh**
**@HShakeee**
**1. júlí**
#RamadanProblems Að langa í eitthvað allan daginn og verða saddur af vatnsglasi þegar má loksins borða.

**Maureen**
**@maureen_ahmed**
**29. júní**
Ef þið biðjið mig að koma að hanga þá er hér svarið mitt fyrir næstu 30 daga: Ég kem ekki út fyrr en sólin sest. #RamadanProblems

## 26.6.2014 → 09.7.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | Sam Smith | Stay With Me |
| 2 | ▶ | Coldplay | A Sky Full Of Stars |
| 3 | ▲ | Magic! | Rude |
| 4 | ▼ | The Common Linnets | Calm After The Storm |
| 5 | ▲ | Mr. Probz | Waves |
| 6 | ▲ | M. Jackson & J. Timberlake | Love Never Felt So Good |
| 7 | ▼ | Nico & Vinz | Am I Wrong |
| 8 | ▼ | Júníus Meyvant | Color Decay |
| 9 | ▼ | Jón Jónsson | Ljúft að vera til |
| 10 | ▲ | Ed Sheeran | Sing |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | Ýmsir | Pottþétt 62 |
| 2 | ▼ | Ýmsir | Fyrir landann |
| 3 | ▼ | GusGus | Mexico |
| 4 | ▶ | Dimma | Vélráð |
| 5 | ▲ | Kaleo | Kaleo |
| 6 | ▶ | Samaris | Silkidrangar |
| 7 | ▲ | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music Vol. 1 & 2 |
| 8 | ▼ | Ýmsir | SG hljómplötur |
| 9 | ▼ | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| 10 | ▲ | Ýmsir | Inspired by Harpa |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Pátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is








**MEÐ EGGIN ÚR TINU** Sunna Ben myndlistarmaður með 24 egg úr hænunni sinni.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Landnámshænur í fóstur

**Á Tjörn í Vatnsnesi er boðið upp á að taka landnámshænur í fóstur, án þess að taka þær með sér heim.**

Júlíus Már Baldursson, ræktandi í Þykkvabæ, býður fólki sem langar til að eiga íslenska landnámshænu, en hefur ekki tök á að hafa hænuna hjá sér, að taka hænur í fóstur.

Með því að taka hænu í fóstur borgar viðkomandi fyrir hænuna sjálfa og fóðrið hennar í tvö ár, en Júlíus hugsar um hana, elur hana upp og sendir eigandanum egg úr henni ellefu mánuði ársins, en í einn mánuð á ári fellur varp niður þegar hún fellir fjaðrir. Um er að ræða um það bil tuttugu egg, mánaðarlega.

Eigandinn gefur hænunni sinni nafn, hún er merkt honum og heldur sínu nafni alla tíð. Það má koma allt að þrisvar á ári til að skoða hænuna, en einnig er hægt að komast að samkomulagi um heimsóknir eftir því hvernig það hentar eigandanum.

Þegar fólk tekur hænu í fóstur er því frjálst að halda á henni, verja tíma með henni, skoða hvernig hún býr og þar fram eftir götunum. Fólk velur sér unga hænu, annaðhvort á staðnum eða eftir myndum sem Júlíus sendir, og fær fréttir af henni á þriggja mánaða fresti. Þá fær fólk jólakort frá landnámshænunni sinni.

Sunna Ben, myndlistarmaður og plötusnúður, er ein þeirra sem hafa landnámshænu í fóstri.

„Þetta er algjör snilld! Mín hæna heitir Tína. Ef þið eruð ekki búin að taka landnámshænu í fóstur mæli ég með að fara í málið hið snarasta. Þetta er nefnilega auðveldasta og ódýrasta leiðin fyrir okkur borgarbúana til að eignast lífræn „free range“ egg frá hressum hænum, svo ekki sé minnst á að það að fóstra landnámshænu hjálpar til við að halda stofninum uppi,“ segir Sunna og hvetur borgarbúa og aðra til að taka hænu í fóstur. - ósk

### HVAÐ KOSTAR AÐ TAKA LANDNÁMSHÆNU Í FÓSTUR?

**25.000**

**KRÓNUR FYRIR TVÖ ÁR**

**Hænan kostar 5.000 krónur** 20 vikna gömul, en Júlíus hefur þá alið hana upp í þann tíma. Hænan hefur varp um þann aldur.

Landnámshænan þarf um **120 grömm af fóðri á dag** sem gera um 44 kíló á ári.

Kílóið kostar 128 krónur sem gerir þá **5.633 krónur á ári, samtals 11.266.**



4.734 krónurnar sem eftir standa notar Júlíus sem tryggingu ef fóður skyldi hækka á samningstímanum, vegna lyfjakaupa og fleira er til fellur.

> **Þetta er nefnilega auðveldasta og ódýrasta leiðin fyrir okkur borgarbúana til að eignast lífræn „free range“ egg frá hressum hænum.**
>
> *Sunna Ben, myndlistarmaður og plötusnúður*


Ómstríð og All Tomorrow's Parties kynna með stolti
ATP ICELAND
10.-12. JÚLÍ
ÁSBRÚ
YFIRTAKA ATP Á ÍSLANDI
NEIL YOUNG
&
CRAZY HORSE
7. JÚLÍ Í LAUGARDALSHÖLL
NÝTT!!
TJALDSVÆÐI
Á ÁSBRÚ
Nánari upplýsingar á
MIDI.IS OG RENTATENT.IS
PORTISHEAD • INTERPOL • MOGWAI
SLOWDIVE • SHELLAC • DEVENDRA BANHART (SOLO)
KURT VILE & THE VIOLATORS • SWANS • LOOP • LOW
LIARS • FUCK BUTTONS • FOREST SWORDS • HAM
MAMMÚT • SÓLEY • SINGAPORE SLING • BEN FROST • HEBRONIX
HAXAN CLOAK • PHARMAKON • FOR A MINOR REFLECTION
I BREAK HORSES • SIN FANG • SAMARIS • PASCAL PINON
EAUX • FUFANU • KRÍA BREKKAN • LOW ROAR • NÁTTFARI
+ kvikmyndir, plötusnúðar o.fl.
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á
MIDI.IS OG ATPFESTIVAL.IS
RÁS 2
Gull



**ÞÚ SPARAR 25.000 KR.**

Vnr. 41622139
RATTAN garðsett 2 stólar og borð með glerplötu.
**24.995 kr.**
FULLT VERÐ: 49.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 6.000 KR.**

Vnr. 41622140
Garðsett, 4 stólar, borð og sólhlíf.
**15.995 kr.**
FULLT VERÐ: 21.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 10.000 KR.**

Vnr. 0291702
Göngubrú, gagnvarin.
**29.995 kr.**
FULLT VERÐ: 39.995 kr.

# ALLT Á AÐ SELJAST

## LAGERHREINSUN

facebook.com/BYKO.is



**ÞÚ SPARAR 20.000 KR.**

Vnr. 50630085
OUTBACK Meteor gasgrill, 3 brennarar, 8,64 kW.
**49.995 kr.**
FULLT VERÐ: 69.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 1.000 KR.**

Vnr. 42373651
Grillsett, 3 stk. með tréskafti.
**2.995 kr.**
FULLT VERÐ: 3.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 11.000 KR.**

Vnr. 55530511
Garðbekkur, 158x59x89 cm.
Fæst í BYKO Breidd.
**24.995 kr.**
FULLT VERÐ: 35.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 104.000 KR.**

Vnr. 53322838
McCULLOCH sláttutraktor M125-97FH, 6,5 kW.
Fæst í BYKO Breidd
**435.995 kr.**
FULLT VERÐ: 539.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 8.000 KR.**

Vnr. 41621529
Markísa, 3,5x2,5 m, græn.
**26.995 kr.**
FULLT VERÐ: 34.995 kr.



Vnr. 41622161
Garðsett, borð og tveir stólar
**9.995 kr.**
FULLT VERÐ: 16.995 kr.

**ÞÚ SPARAR 7.000 KR.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



ÞÚ SPARAR
5.000 KR.

Vnr. 49620200
28" götureiðhjól, karla,
6 gíra með brettum.

**24.995 kr.**

FULLT VERÐ: 29.995 kr.



ÞÚ SPARAR
3.000 KR.

Vnr.0291500
Ræktunarkassi,
50x100x120 cm.

**13.895 kr.**

FULLT VERÐ: 16.895 kr.

# LAGERHREINSUN
## Á VÖLDUM SUMARVÖRUM!

**GERÐU GÓÐ KAUP!**

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



ÞÚ SPARAR
7.000 KR.

Vnr. 53323120
Sláttuorf BC139, fjór-
gengismótor, 31cc,
25,5 cm sláttubreidd.

**22.995 kr.**

FULLT VERÐ: 29.995 kr.



ÞÚ SPARAR
3.000 KR.

Vnr. 0291468
Sandkassi með sætum,
1500x1500 cm.

**9.895 kr.**

FULLT VERÐ: 12.895 kr.



ÞÚ SPARAR
3.000 KR.

Vnr. 0291464
Blómaker, gagnvarin
fura, 34x70x80 cm.

**6 .495 kr.**

FULLT VERÐ: 9.495 kr.



ÞÚ SPARAR
3.000 KR.

Vnr. 88015956
Braggatjald, 5 manna

**16.995 kr.**

FULLT VERÐ: 19.995 kr.



ÞÚ SPARAR
1.200 KR.

Vnr. 0291532
7-þrepa tröppukjálki,
gagnvarinn.

**2.990 kr.**

FULLT VERÐ: 4.190 kr.



ÞÚ SPARAR
7.000 KR.

Vnr. 0291454
Garðborð, hringlaga,
þvermál 1200 mm,
hæð, 730 mm.

**32.895 kr.**

FULLT VERÐ: 32.895 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa



**FRÆKIN FERNA** Hafsteinn ásamt aðalleikurum myndarinnar; Helga Björnssyni, Nönnu KRistínu Magnúsdóttur og Birni Thors.

# KEPPIR UM KRISTALSKÚ

Hafsteinn Gunnar Sigurðsson heimsfrumsýndi myndina París norðursins á Karlovy Vary-kvikmyndahátíðinni í vikunni. Myndin hefur vakið gríðarlega lukku og keppir um Crystal Globe-verðlaunin sem besta mynd hátíðarinnar. Hafsteinn útilokar ekki frekara samstarf með David Gordon Green en hann leikstýrði endurgerð á Á annan veg í Hollywood.




„Það var pakkfullur salur, um tólf hundruð manns, og þetta var í fyrsta sinn sem ég sýndi myndina opinberlega. Og í fyrsta sinn sem ég sé hana með fólki. Það var góð tilfinning," segir leikstjórinn Hafsteinn Gunnar Sigurðsson. Hann frumsýndi kvikmyndina París norðursins á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Karlovy Vary í Prag í Tékklandi á þriðjudagskvöldið. Hann segir að myndin hafi hlotið góð viðbrögð hingað til.

„Það er frábær stemning hér. Það er mikil bíómenning í Tékklandi og hér er frábær jarðvegur til að frumsýna mynd. Ég finn fyrir mikilli athygli og myndin er búin að fá boð á fleiri hátíðir í kjölfarið á sýningunni á þriðjudag. Þannig að mér sýnist hún fara vel af stað," segir Hafsteinn en getur lítið sagt um hvaða hátíðir eru fram undan.

„Við förum til Króatíu eftir þrjár vikur í keppni á kvikmyndahátíð þar en myndin á örugglega eftir að flakka töluvert á árinu, þó ég geti ekki talað um hvert akkúrat núna. Svo stefnum við á að frumsýna hana á Íslandi með haustinu."

París norðursins keppir um Crystal Globe-verðlaunin, svokallaða Kristalskúlu, á hátíðinni ásamt ellefu öðrum myndum. Verðlaunin verða afhent á laugardaginn og sigri Hafsteinn verður hann ekki fyrsti Íslendingurinn til að hreppa hnossið þar sem Baltasar Kormákur hlaut verðlaunin árið 2007 fyrir Mýrina. Aðrir sigurvegarar í gegnum tíðina eru til dæmis Jean-Pierre Jeunet fyrir Amélie og Alain Berliner fyrir Ma vie en rose. Hafsteinn gerir sér engar vonir um sigur þótt hann leyfi sér að sjálfsögðu að dreyma.

„Maður veit aldrei. Þetta er alltaf bara lottó og erfitt að spá fyrir um hver hlýtur verðlaunin. En auðvitað vonar maður að maður verði fyrir valinu."

Hafsteinn er hvað þekktastur fyrir kvikmyndina á Annan veg sem endurgerð var í Bandaríkjunum sem Prince Avalanche og frumsýnd í fyrra. Leikstjórn var í höndum Davids Gordons Green og útilokar Hafsteinn ekki frekara samstarf þeirra á milli.

„David Gordon Green er búinn að sjá myndina og elskaði hana. Við erum í góðu sambandi og það er verið að tala um fleiri endurgerðir. Það gæti alveg verið eitthvað meira að frétta á næstunni," segir Hafsteinn dulur. Hann er með tvö önnur verkefni í gangi, annars vegar kvikmyndina Kanarí og hins vegar mynd byggða á handriti eftir Huldar Breiðfjörð, sá hinn sama og skrifaði handritið að París norðursins.

liljakatrin@frettabladid.is



**ERU EKKI ALLIR SEXÍ?** Helgi Björns tók sporið á rauða dreglinum.

# LUNA



„David Gordon Green er búinn að sjá myndina og elskaði hana. Við erum í góðu sambandi og það er verið að tala um fleiri endurgerðir.

*Hafsteinn Gunnar Sigurðsson*

## UNAÐSLEGA SKRINGILEG

**Gagnrýnandinn Mark Adams hjá Screen Daily gefur París norðursins frábæra dóma.**

„Unaðslega skringilegt íslenskt gamandrama. Hafsteinn Gunnar Sigurðsson býður upp á mynd sem er auðvelt að horfa á og fjallar á slyngan hátt um bresti í mannlegum samskiptum með áherslu á karlmenn. Hann er einn af bestu upprennandi, ungu, evrópsku leikstjórunum og hefur búið til afhjúpandi, skemmtilega og gáfulega mynd sem á að varðveita.“

### → Með þeim bestu í heiminum

- Alþjóðlega kvikmyndahátíðin Karlovy Vary, eða KVIFF, var fyrst haldin árið 1946 og er því haldin í 49. sinn í ár.
- Hátíðin er ein sú elsta sinnar tegundar í heiminum og hefur síðustu ár skipaði sér sess sem ein af stærstu kvikmyndahátíðum Evrópu.
- Árlega heimsækja þúsundir manna alls staðar að úr heiminum hátíðina, þar á meðal um 840 dreifingaraðilar, framleiðendur og útsendarar kvikmyndahátíða, og um sjö hundruð blaðamenn.
- Karlovy Vary er ein af fjórtán kvikmyndahátíðum í keppnisflokki sem bera A-stimpil frá Alþjóðlegum samtökum kvikmyndaframleiðenda. Aðrar hátíðir í þeim flokki eru til dæmis kvikmyndahátíðin í Cannes, alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Berlín og kvikmyndahátíðin í Feneyjum.



# Sakar Daily Mail um lygar

## Stórleikarinn George Clooney brjálaður yfir grein um sig og unnustuna.

Stórleikarinn George Clooney er afar ósáttur við fréttaflutning Daily Mail en í grein á vefsíðunni var fullyrt að tengdamóðir hans, Baria Alamuddin, væri á móti því að George kvæntist dóttur hennar, Amal Alamuddin, út af trúarlegum ástæðum. Greinin hefur verið fjarlægð af vef Daily Mail. George lætur blaðamenn vefsíðunnar heyra það í yfirlýsingu á vef USA Today.

„Ég svara slúðurblöðum sjaldan nema það varði aðra og öryggi þeirra og velferð. Daily Mail hefur birt gjörsamlega uppspunna grein. Í henni segir að móðir Amal sé búin að segja „hálfri Beirút“ að hún sé á móti brúðkaupinu,“ skrifar George.

„Ekkert í greininni er satt. Móðir Amal hefur ekki farið til Beirút síðan við Amal byrjuðum að vera saman og hún er ekki á móti hjónabandinu,“ bætir George við.

„Það er óábyrgt á þessum tímum að hagnast á trúarlegum ágreiningi þar sem engir eru, það er að minnsta kosti óábyrgt og það sem meira er, hættulegt.“

Daily Mail hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna málsins.

